

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2009/EES/67/01		Skýrsla fastanefndar EFTA-ríkjanna – Skrá sem kveðið er á um í 14. gr. tilskipunar 2006/48/EB og sýnir lánastofnanir sem höfðu starfsleyfi á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi hinn 31. desember 2008	1
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/67/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 191/08/COL frá 17. mars 2008 um ólaunað vinnuafli í tengslum við rannsókn- og þróunarstarf (Noregur)	12
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/67/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5677 – Schuitema/Super de Boer Assets)	29
2009/EES/67/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5698 – One Equity Partners III LP/Constantia Packaging) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	30
2009/EES/67/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5731 – AXA LBO Fund IV/Home Shopping Europe) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	31
2009/EES/67/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5739 – EQT V/ Springer Science + Business Media) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	32

2009/EES/67/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5742 – Ameropa Holding/Interbrau) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	33
2009/EES/67/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5495 – Unicredit/Banca IMI/Euro TLX SIM JV)	34
2009/EES/67/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5558 – Nutreco/Cargill)	34
2009/EES/67/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5624 – Nokia/SAP/JV)	35
2009/EES/67/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5641 – Apollo/Pliant)	35
2009/EES/67/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5642 – SGGF/Trakya/SGGE)	36
2009/EES/67/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5662 – NIBC/ABN AMRO Fund/Mid Ocean Group)	36
2009/EES/67/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5667 – ACE/FTQ/FSI/Mecachrome)	37
2009/EES/67/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5679 – Boreas Holdings/Centrica Renewable Energy Limited/ Glid Wind Farms)	37
2009/EES/67/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5684 – BNP Paribas Assurance/Fortis Insurance International/ UBI Assicurazioni)	38
2009/EES/67/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5687 – CVC/Subsidiaries of Interbrew Central European Holding)	38
2009/EES/67/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5690 – Occidental Petroleum Corporation/Phibro)	39
2009/EES/67/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5691 – Mubadala/Veolia Eau/Azaliya)	39
2009/EES/67/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5715 – Leisure Park Holdings/Criteria Caixa Corp./Activos Port Aventura)	40

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

SKÝRSLA FASTANEFNDAR EFTA-RÍKJANNA

2009/EES/67/01

Skrá sem kveðið er á um í 14. gr. tilskipunar 2006/48/EB og sýnir lánastofnanir sem höfðu starfsleyfi á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi hinn 31. desember 2008

1. Samkvæmt 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní um stofnun og rekstur lánastofnana (endurútgefin) ⁽¹⁾ ber framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að taka saman og birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skrá yfir allar lánastofnanir sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt tilskipuninni.
2. Í staflíð b) í 6. mgr. bókunar 1 með EES-samningnum er kveðið á um að þegar skylt sé samkvæmt tiltekinni gerð að birta staðreyndir, upplýsingar um málsmeðferð, skýrslur og annað slíkt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* skuli birta þar „samsvarandi upplýsingar varðandi EFTA-ríkin í sérstakri EES-deild“.
3. Þetta er í níunda sinn sem fastanefnd EFTA-ríkjana birtir skrá samkvæmt ofangreindu ákvæði. Í meðfylgjandi viðauka er að finna skrá um allar lánastofnanir sem ráku starfsemi af því tagi, sem tilskipun 2006/48/EB, eiginfjárkröfutilskipunin, tekur til, á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi hinn 31. desember 2008.
4. Skráin, sem hér er birt, var tekin saman á vegum fastanefndar EFTA-ríkjana samkvæmt gögnum frá EFTA-ríkjunum sjálfum. Skráin hefur ekkert lagagildi og veitir engin lagaleg réttindi. Hafi lánastofnun án leyfis verið skráð fyrir mistök breytir það engu um lagalega stöðu hennar. Sömuleiðis breytir það engu um starfsleyfi stofnunar þótt gleymst hafi að skrá hana hér.

⁽¹⁾ Áður 11. gr. og staflíður c) í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000.

SKAMMSTAFANIR Í TÖFLUNUM

Merking tákna í dálkinum „Lágmark eiginfjár“ er sem hér segir:

<i>Tákn</i>	<i>Merking</i>
Y	Stofnfé meira en 5 milljónir evra
N	Stofnfé milli 1 og 5 milljóna evra
0	Ekkert stofnfé

Merking tákna í dálkinum „Staða innlánaþryggingar“ er sem hér segir:

<i>Tákn</i>	<i>Merking</i>
Y	Venjulegt innlánaþryggingakerfi í samræmi við tilskipun 94/19/EB (fyrsta málslíð 1. mgr. 3. gr.)
N	Jafngilt innlánaþryggingakerfi í samræmi við tilskipun 94/19/EB (annan málslíð 1. mgr. 3. gr.)
0	Ekkert innlánaþryggingakerfi

ÍSLAND

Frekari upplýsingar veitir:

Fjármálaeftirlitið

Suðurlandsbraut 32

108 Reykjavík

Sími (354) 525 2700

Bréfasími (354) 525 2727

Heiti	Aðsetur	Rekstrarform	Athugasemdir	Lágmark eiginfjár	Staða innlána-tryggingar
1	2	3	4	5	6
<i>Viðskiptabankar</i>					
Íslandsbanki hf.	Reykjavík	Hlutfélag		Y	Y
NBI hf.	Reykjavík	Hlutfélag		Y	Y
Nýi Kaupþing banki hf.	Reykjavík	Hlutfélag		Y	Y
MP Banki hf.	Reykjavík	Hlutfélag		Y	Y
Glitnir banki hf.	Reykjavík	(¹)		(¹)	(¹)
Icebank hf.	Reykjavík	Hlutfélag		Y	Y
Kaupþing banki hf.	Reykjavík	(¹)		(¹)	(¹)
Landsbanki Íslands hf.	Reykjavík	(¹)		(¹)	(¹)
Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf.	Reykjavík	Hlutfélag		Y	Y
<i>Sparisjóðir</i>					
Byr sparisjóður	Reykjavík	(²)		Y	Y
nb.is sparisjóður hf.	Reykjavík	Hlutfélag		Y	Y
Sparisjóður Norðlendinga	Akureyri	(²)		Y	Y
Sparisjóður Bolungarvíkur	Bolungarvík	(²)		Y	Y
Sparisjóður Mýrasýslu	Borgarnes	(²)		Y	Y
Sparisjóður Svarfdæla	Dalvík	(²)		Y	Y
Sparisjóður Höfðhverfinga	Grenivík	(²)		N	Y
Sparisjóður Strandamanna	Hólmavík	(²)		Y	Y
Sparisjóður Húnaþings og Stranda	Hvammstangi	(²)		Y	Y
Sparisjóðurinn í Keflavík	Keflavík	(²)		Y	Y
Sparisjóður S-Þingeyinga	Laugar	(²)		N	Y
Sparisjóður Norðfjarðar	Norðfjörður	(²)		Y	Y
Sparisjóður Ólafsfjarðar	Ólafsfjörður	(²)		N	Y
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.	Reykjavík	Hlutfélag		Y	Y
Sparisjóður Kaupþings hf.	Reykjavík	Hlutfélag		Y	Y
Sparisjóður Skagafjarðar	Sauðárkrókur	(²)		N	Y
Sparisjóður Siglufjarðar	Siglufjörður	(²)		Y	Y
Sparisjóður Vestfirðinga	Þingeyri	(²)		Y	Y
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	Þórshöfn	(²)		N	Y
Sparisjóður Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	(²)		Y	Y

Heiti	Aðsetur	Rekstrarform	Athugasemdir	Lágmark eiginfjár	Staða innlána-tryggingar
1	2	3	4	5	6
<i>Lánastofnanir</i>					
Askar Capital hf.	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
Avant hf. ⁽⁵⁾	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
Borgun hf. ⁽⁴⁾	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
Byggðastofnun	Reykjavík	<i>Ríkisfyrirtæki</i>		Y	0 ⁽³⁾
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	Reykjavík	Opinbert hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
Lýsing hf. ⁽⁵⁾	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
MP fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
SP-fjármögnun hf. ⁽⁵⁾	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
Valitor hf. ⁽⁴⁾	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾
VBS-fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík	Hlutafélag		Y	0 ⁽³⁾

(1) Í greiðslustöðvun.

(2) Að mestu sjálfseignarstofnanir.

(3) Lánastofnun sem hefur ekki heimild til að taka við innlánunum frá almenningi.

(4) Starfar fyrst og fremst á sviði greiðsluþjónustu með útgáfu greiðslukorta.

(5) Starfar fyrst og fremst á sviði kaupleigu.

LIECHTENSTEIN

Frekari upplýsingar veitir:

Amt für Finanzdienstleistungen (Fjármálaeftirlitið)

Heiligkreuz 8

Post Box 684

FL-9490 Vaduz

Principality of Liechtenstein

Sími (00423) 236 73 73

Bréfasími (00423) 236 73 74

<http://www.fma-li.li>

Heiti	Aðsetur	Rekstrarform	Athugasemdir	Lágmark eiginfjár	Staða innlána-tryggingar
1	2	3	4	5	6
Liechtensteinische Landesbank AG	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
LGT Bank in Liechtenstein AG	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
Verwaltungs- und Privat-Bank AG	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
Neue Bank AG	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
Centrum Bank AG	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
Volksbank AG	Schaan	Aktiengesellschaft		Y	Y
Hypo Investment Bank (Liechtenstein) AG ⁽¹⁾	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
Banque Pasche (Liechtenstein) SA ⁽²⁾	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
Bank Frick & Co. AG	Balzers	Aktiengesellschaft		Y	Y
EFG Bank von Ernst AG ⁽³⁾	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
Raiffeisen Bank (Liechtenstein) AG	Vaduz ⁽⁴⁾	Aktiengesellschaft		Y	Y
Kaiser Ritter Partner Privatbank AG ⁽⁵⁾	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
Alpe Adria Privatbank AG ⁽⁶⁾	Schaan	Aktiengesellschaft		Y	Y
Bank Alpinum AG ⁽⁷⁾	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y
Bank Vontobel (Liechtenstein) AG	Vaduz	Aktiengesellschaft		Y	Y

⁽¹⁾ Áður Hypo Investment Bank AG.

⁽²⁾ Áður swissfirst Bank (Liechtenstein) AG.

⁽³⁾ Áður Bank von Ernst (Liechtenstein) AG.

⁽⁴⁾ Áður domiciled in Schaan.

⁽⁵⁾ Áður Serica Bank AG.

⁽⁶⁾ Áður Hypo Alpe-Adria-Bank (Liechtenstein) AG.

⁽⁷⁾ Áður New Century Bank AG.

NOREGUR

Frekari upplýsingar veitir:

Kredittilsynet (Fjármálaeftirlitið)

Postboks 100 Bryn

N-0611 Oslo

NORWAY

Sími +47 22 93 98 00

Bréfasími +47 22 63 02 26

post@kredittilsynet.no

www.kredittilsynet.no

Heiti	Aðsetur	Rekstrarform	Athugasemdir	Lágmark eignfjár	Staða innlána- tryggingar
1	2	3	4	5	6
ANDEBU SPAREBANK	Andebu	Sb (1)		Y	Y
ARENDAL OG OMEGNS SPAREKASSE	Arendal	Sb (1)		Y	Y
ASKIM SPAREKASSE	Askim	Sb (1)		Y	Y
AURLAND SPAREBANK	Aurland	Sb (1)		Y	Y
AURSKOG SPAREBANK	Aurskog	Sb (1)		Y	Y
BAMBLE OG LANGESUND SPAREBANK	Stathelle	Sb (1)		Y	Y
BERG SPAREBANK	Halden	Sb (1)		Y	Y
BIEN SPAREBANK AS	Oslo	AS (2)		Y	Y
BIRKENES SPAREBANK	Birkeland	Sb (1)		Y	Y
BJUGN SPAREBANK	Bjugn	Sb (1)		Y	Y
BLAKER SPAREBANK	Blaker	Sb (1)		Y	Y
BUD FRÆNA OG HUSTAD SPAREBANK	Elnesvågen	Sb (1)		Y	Y
BØ SPAREBANK	Bø i Telemark	Sb (1)		Y	Y
CULTURA SPAREBANK	Oslo	Sb (1)		N	Y
DRANGEDAL OG TØRDAL SPAREBANK	Drangedal	Sb (1)		Y	Y
EIDSBERG SPAREBANK	Mysen	Sb (1)		Y	Y
ETNE SPAREBANK	Etne	Sb (1)		Y	Y
ETNEDAL SPAREBANK	Etnedal	Sb (1)		Y	Y
EVJE OG HØRNNES SPAREBANK	Evje	Sb (1)		Y	Y
FANA SPAREBANK	Bergen	Sb (1)		Y	Y
FJALER SPAREBANK	Dale i Sunnfjord	Sb (1)		Y	Y
FLEKKEFJORD SPAREBANK	Flekkefjord	Sb (1)		Y	Y
FØRNEBU SPAREBANK	Førnebu	Sb (1)		Y	Y
GILDESKÅL SPAREBANK	Inndyr	Sb (1)		Y	Y
GJERSTAD SPAREBANK	Gjerstad	Sb (1)		Y	Y
GRAN SPAREBANK	Jaren	Sb (1)		Y	Y
GRONG SPAREBANK	Grong	Sb (1)		Y	Y
GRUE SPAREBANK	Kirkenær	Sb (1)		Y	Y
HALDEN SPAREBANK	Halden	Sb (1)		Y	Y

Heiti	Aðsetur	Rekstrarform	Athugasemdir	Lágmark eiginfjár	Staða innlána- tryggingar
1	2	3	4	5	6
HALTDALEN SPAREBANK	Haltdalen	Sb (1)		Y	Y
HARSTAD SPAREBANK	Harstad	Sb (1)		Y	Y
HAUGESUND SPAREBANK	Haugesund	Sb (1)		Y	Y
HEGRA SPAREBANK	Hegra	Sb (1)		Y	Y
HELGELAND SPAREBANK	Mosjøen	Sb (1)		Y	Y
HJARTDAL OG GRANSHERAD SPAREBANK	Sauland	Sb (1)		Y	Y
HJELMELAND SPAREBANK	Hjelmeland	Sb (1)		Y	Y
HOL SPAREBANK	Geilo	Sb (1)		Y	Y
HOLLA OG LUNDE SPAREBANK	Ulefoss	Sb (1)		Y	Y
HØLAND SPAREBANK	Bjørkelangen	Sb (1)		Y	Y
HØNEFOSS SPAREBANK	Hønefoss	Sb (1)		Y	Y
INDRE SOGN SPAREBANK	Årdalstangen	Sb (1)		Y	Y
JERNBANEPERSONALETS SPAREBANK	Oslo	Sb (1)		Y	Y
KLEPP SPAREBANK	Kleppe	Sb (1)		Y	Y
KLÆBU SPAREBANK	Klæbu	Sb (1)		Y	Y
KRAGERØ SPAREBANK	Kragerø	Sb (1)		Y	Y
KVINESDAL SPAREBANK	Kvinesdal	Sb (1)		Y	Y
KVINNHERAD SPAREBANK	Rosendal	Sb (1)		Y	Y
LARVIKBANKEN BRUNLANES SPAREBANK	Larvik	Sb (1)		Y	Y
LILLESANDS SPAREBANK	Lillesand	Sb (1)		Y	Y
LILLESTRØM SPAREBANK	Lillestrøm	Sb (1)		Y	Y
LOFOTEN SPAREBANK	Bøstad	Sb (1)		Y	Y
LOM OG SKJÅK SPAREBANK	Lom	Sb (1)		Y	Y
LUSTER SPAREBANK	Gaupne	Sb (1)		Y	Y
MARKER SPAREBANK	Ørje	Sb (1)		Y	Y
MELDAL SPAREBANK	Meldal	Sb (1)		Y	Y
MELHUS SPAREBANK	Melhus	Sb (1)		Y	Y
MODUM SPAREBANK	Vikersund	Sb (1)		Y	Y
NES PRESTEGJELDS SPAREBANK	Nesbyen	Sb (1)		Y	Y
NESSET SPAREBANK	Eidsvåg i Romsdal	Sb (1)		Y	Y
NØTTERØ SPAREBANK	Tønsberg	Sb (1)		Y	Y
ODAL SPAREBANK	Sagstua	Sb (1)			
OFOTEN SPAREBANK	Bogen i Ofoten	Sb (1)		Y	Y
OPDALS SPAREBANK	Oppdal	Sb (1)		Y	Y
ORKDAL SPAREBANK	Orkdal	Sb (1)		Y	Y
RINDAL SPAREBANK	Rindal	Sb (1)		Y	Y
RINGERIKES SPAREBANK	Hønefoss	Sb (1)		Y	Y
RYGGE-VAALER SPAREBANK	Moss	Sb (1)		Y	Y

Heiti	Aðsetur	Rekstrarform	Athugasemdir	Lágmark eiginfjár	Staða innlána- tryggingar
1	2	3	4	5	6
RØROSBANKEN RØROS SPAREBANK	Røros	Sb (1)		Y	Y
SANDNES SPAREBANK	Sandnes	Sb (1)		Y	Y
SANDSVÆR SPAREBANK	Kongsberg	Sb (1)		Y	Y
SAUDA SPAREBANK	Sauda	Sb (1)		Y	Y
SELBU SPAREBANK	Selbu	Sb (1)		Y	Y
SELJORD SPAREBANK	Seljord	Sb (1)		Y	Y
SETSKOG SPAREBANK	Setskog	Sb (1)		Y	Y
SKUDENES & AAKRA SPAREBANK	Åkrehamn	Sb (1)		Y	Y
SOKNEDAL SPAREBANK	Soknedal	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANK 1 GUDBRANSDAL	Vinstra	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANK 1 HALLINGDAL	Ål	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANK 1 NORD-NORGE	Tromsø	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANK 1 NORDVEST	Kristiansund	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANK 1 SMN	Trondheim	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANK 1 SR-BANK	Stavanger	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANK1 BUSKERUD-VESTFOLD	Kongsberg	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN HARDANGER	Utne	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN HEDMARK	Hamar	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN HEMNE	Kyrksæterøra	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN JEVNAKER LUNNER	Jevnaker	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN MØRE	Ålesund	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN NARVIK	Narvik	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN PLUSS	Kristiansand S	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN SOGN OG FJORDANE	Førde	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN SØR	Arendal	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN TELEMAR	Skien	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN VEST	Bergen	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN VOLDA ØRSTA	Volda	Sb (1)		Y	Y
SPAREBANKEN ØST	Drammen	Sb (1)		Y	Y
SPARESKILLINGSBANKEN KRISTIANSAND S	Kristiansand S	Sb (1)		Y	Y
SPYDEBERG SPAREBANK	Spydeberg	Sb (1)		Y	Y
STADSBYGD SPAREBANK	Stadsbygd	Sb (1)		Y	Y
STRØMMEN SPAREBANK	Strømmen	Sb (1)		Y	Y
SUNNDAL SPAREBANK	Sunnalsøra	Sb (1)		Y	Y
SURNADAL SPAREBANK	Surnadal	Sb (1)		Y	Y
SØGNE OG GREIPSTAD SPAREBANK	Søgne	Sb (1)		Y	Y
TIME SPAREBANK	Bryne	Sb (1)		Y	Y
TINGVOLL SPAREBANK	Tingvoll	Sb (1)		Y	Y
TINN SPAREBANK	Rjukan	Sb (1)		Y	Y

Heiti	Aðsetur	Rekstrarform	Athugasemdir	Lágmark eiginfjár	Staða innlána-tryggingar
1	2	3	4	5	6
TOLGA-OS SPAREBANK	Tolga	Sb (1)		Y	Y
TOTENS SPAREBANK	Lena	Sb (1)		Y	Y
TRØGSTAD SPAREBANK	Trøgstad	Sb (1)		Y	Y
TYSNES SPAREBANK	Uggdal	Sb (1)		Y	Y
VALLE SPAREBANK	Valle	Sb (1)		Y	Y
VANG SPAREBANK	Vang i Valdres	Sb (1)		Y	Y
VEGÁRSHEI SPAREBANK	Vegårshei	Sb (1)		Y	Y
VESTRE SLIDRE SPAREBANK	Slidre	Sb (1)		Y	Y
VIK SPAREBANK	Vik i Sogn	Sb (1)		Y	Y
VOSS SPAREBANK	Voss	Sb (1)		Y	Y
ØRLAND SPAREBANK	Brekstad	Sb (1)		Y	Y
ØRSKOG SPAREBANK	Ørskog	Sb (1)		Y	Y
ØYSTRE SLIDRE SPAREBANK	Heggenes	Sb (1)		Y	Y
ÅFJORD SPAREBANK	Åfjord	Sb (1)		Y	Y
AASEN SPAREBANK	Åsen	Sb (1)		Y	Y
BANK 1 OSLO AS	Oslo	AS (2)		Y	Y
BANK NORWEGIAN AS	Oslo	AS (2)		Y	Y
BANK2 ASA	Oslo	ASA (2)		Y	Y
BNBANK ASA	Trondheim	ASA (2)		Y	Y
DDB AS	Trondheim	AS (2)		Y	Y
DNB NOR BANK ASA	Oslo	ASA (2)	London Stockholm Copenhagen Cayman Islands Singapore Hamburg New York Helsinki	Y	Y
GJENSIDIGE BANK ASA	Førde	ASA (2)		Y	Y
LANDKREDITT BANK AS	Oslo	AS (2)		Y	Y
NETFONDS BANK ASA	Oslo	ASA (2)		Y	Y
NORDEA BANK NORGE ASA	Oslo	ASA (2)	Cayman Islands New York	Y	Y
NORLANDSBANKEN ASA	Bodø	ASA (2)		Y	Y
PARETO BANK ASA	Oslo	ASA (2)		Y	Y
SANTANDER CONSUMER BANK AS	Oslo	AS (2)		Y	Y
SEB PRIVATBANKEN ASA	Oslo	ASA (2)		Y	Y
STOREBRAND BANK ASA	Oslo	ASA (2)		Y	Y

Heiti	Aðsetur	Rekstrarform	Athugasemdir	Lágmark eiginfjár	Staða innlána- tryggingar
1	2	3	4	5	6
VERDIBANKEN ASA	Oslo	ASA (2)		Y	Y
VOSS VEKSEL- OG LANDMANDSBANK ASA	Voss	ASA (2)		Y	Y
YA BANK AS	Oslo	AS (2)		Y	Y
BN BOLIGKREDITT AS	Trondheim	AS (2)		Y	0
BOLIG- OG NÆRINGSKREDITT AS	Trondheim	AS (2)		Y	0
DNB NOR BOLIGKREDITT AS	Oslo	AS (2)		Y	0
EIENDOMSKREDITT AS	Bergen	AS (2)		Y	0
EKSPORTFINANS ASA	Oslo	ASA (2)		Y	0
KOMMUNEKREDITT NORGE AS	Trondheim	AS (2)		Y	0
KREDITTFORENINGEN FOR SPAREBANKER	Oslo	AS (2)		Y	0
NORGESKREDITT AS	Bergen	AS (2)		Y	0
SPAREBANK 1 BOLIGKREDITT AS	Stavanger	AS (2)		Y	0
SPAREBANKEN VEST BOLIGKREDITT AS	Bergen	AS (2)		Y	0
STOREBRAND KREDITTFORETAK	Oslo	AS (2)		Y	0
TERRA BOLIGKREDITT AS	Oslo	AS (2)		Y	0
AMERICAN EXPRESS COMPANY AS	Oslo	AS (2)		Y	0
AS FINANCIERING	Oslo	AS (2)		Y	0
BB FINANS ASA	Bergen	AS (2)		Y	0
CATERPILLAR FINANCIAL SERVICES NORWAY AS	Oslo	AS (2)		Y	0
DINERS CLUB NORGE AS	Oslo	AS (2)		Y	0
DNB NOR FINANS AS	Bergen	AS (2)		Y	0
ENTERCARD NORGE AS	Oslo	AS (2)		Y	0
EUROPAY NORGE AS	Oslo	AS (2)		Y	0
FEXCO MONEY TRANSFER NORWAY AS	Oslo	AS (2)		Y	0
FINAREF AS	Kolbotn	AS (2)		Y	0
FOLKIA AS	Oslo	AS (2)		Y	0
FORTIS LEASE NORGE AS	Oslo	AS (2)		Y	0
GE CAPITAL SOLUTIONS AS	Oslo	AS (2)		Y	0
KOMMUNALBANKEN AS	Oslo	AS (2)		Y	0
LANDKREDITT FINANS AS	Oslo	AS (2)		Y	0
LINDORFF CAPITAL AS	Oslo	AS (2)		Y	0
MØLLER BILFINANS AS	Oslo	AS (2)		Y	0
MØRE FINANS AS	Ålesund	AS (2)		Y	0
NORDEA FINANS NORGE AS	Oslo	AS (2)		Y	0
OSLO BOLIG OG SPARELAG (OBOS)	Oslo			Y	0
PBS INTERNATIONAL AS	Oslo	AS (2)		Y	0
PITNEY BOWES FINANS NORGE AS	Oslo	AS (2)		Y	0

Heiti	Aðsetur	Rekstrarform	Athugasemdir	Lágmark eiginfjár	Staða innlána-tryggingar
1	2	3	4	5	6
SG FINANS AS	Lysaker	AS ⁽²⁾		Y	0
SPAREBANK 1 FACTORING AS	Ålesund	AS ⁽²⁾		Y	0
SPAREBANK 1 FINANS ØSTLANDET AS	Hamar	AS ⁽²⁾		Y	0
SPAREBANK 1 SMN FINANS AS	Trondheim	AS ⁽²⁾		Y	0
SPAREBANK 1 SR-FINANS AS	Stavanger	AS ⁽²⁾		Y	0
SPAREBANKEN FACTORING AS	Tromsø	AS ⁽²⁾		Y	0
SPAREBANKEN FINANS NORD-NORGE AS	Tromsø	AS ⁽²⁾		Y	0
SPORTMANN FINANS AS	Gamle Fredrikstad	AS ⁽²⁾		N	0
TELLER AS	Oslo	AS ⁽²⁾		Y	0
TERRA FINANS AS	Oslo	AS ⁽²⁾		Y	0
TERRA KORT AS	Oslo	AS ⁽²⁾		Y	0

⁽¹⁾ Sb. (sparebank): sparisjóður. Norskir sparisjóðir eru sjálfseignarstofnanir.

⁽²⁾ AS: einkahlutafélag. ASA: almenningshlutafélag. Lánastofnanir, sem eru reknar sem hlutafélög, skiptast í þrennt: viðskiptabanka, veðlánastofnanir og fjármögnunarfélög.

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2009/EES/67/02

191/08/COL

frá 17. mars 2008

um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum 61. og 63. gr. og bókun 26 við hann,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum 24. gr.,

með vísan til 2. og 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr. og 4. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

með vísan til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð ⁽⁴⁾, sem lúta að beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins, einkum ákvæða kaflans um aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 59/06/COL frá 8. mars 2006 um að hefja formlega rannsókn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 6. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

með hliðsjón af því að hagsmunaaðilum hefur verið boðið að skila inn athugasemdum samkvæmt því ákvæði ⁽⁵⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

Með bréfi fastanefndar Noregs gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 14. október 2005, sem hafði að geyma bréf norska viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dagsett 5. október 2005 og barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 17. október 2005 (skjalnr. 346675), lögðu stjórnvöld í Noregi fram tilkynningu, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, um tillögu að nýrri áætlun um ríkisaðstoð til stuðnings ólaunuðu vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf. Þessi fyrirhugaða áætlun nefnist „áætlun um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf“ í því sem hér fer á eftir.

Að loknum nokkrum bréfaskiptum ⁽⁶⁾ tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi með bréfi dagsettu 8. mars 2006 (skjalnr. 364666) að ákveðið hefði verið að hefja rannsókn samkvæmt 6. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól á áætlun um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf, og bauð þeim að skila inn athugasemdum um ákvörðunina.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku útgáfunni]

⁽²⁾ Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar – leiðbeiningar um beitingu og túlkun á 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og gaf út 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994. Leiðbeiningunum var síðast breytt með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 154/07/COL frá 3. maí 2007. Hér á eftir nefndar „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB C 258, 26.10.2006, bls. 28, og EES-viðbæti nr. 53, 26.10.2006.

⁽⁶⁾ Um nánari upplýsingar um bréfaskiptin vísast til ákvörðunar 59/06/COL um að hefja formlega rannsókn, en ágríp af henni birtist í Stjtið. ESB C 258, 26.10.2006, bls. 28, og EES-viðbæti nr. 53, 26.10.2006. Ákvörðunin er birt í heild á vefsíðu Eftirlitsstofnunar EFTA: www.efitasurv.int.

Athugasemdir stjórnvalda í Noregi bárust með bréfi fastanefndar Noregs gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 19. apríl 2006, sem hafði að geyma bréf stjórnsýslu- og umbótaráðuneytisins og viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins, dagsett annars vegar 11. apríl og hins vegar 7. apríl 2006. Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 20. apríl 2006 (skjalnr. 370829).

Ákvörðun 59/06/COL um að hefja formlega rannsókn var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og í EES-viðbæti við þau ⁽⁷⁾. Eftirlitsstofnun EFTA fór þess á leit við hagsmunaaðila að þeir skiluðu inn athugasemdum. Stofnuninni bárust engar slíkar athugasemdir.

Loks tóku stjórnvöld í Noregi saman í bréfi, sem stjórnsýslu- og umbótaráðuneytið afhenti rafrænt 15. febrúar 2008 (skjalnr. 465311), upplýsingar sem farið höfðu á milli í tengslum við óformleg samskipti um síma og með tölvupósti á árinu 2007 og í janúar 2008.

2. Lýsing á fyrirhugaðri ráðstöfun

2.1 *Markmið, lagagrundvöllur og framkvæmd áætlunar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf*

Markmið

Af undirbúningsgögnum má ráða að markmið áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf sé að stuðla að auknum fjárfestingum í rannsókn- og þróunarstarfi, einkum hjá litlum fyrirtækjum, s.s. frumkvöðlafyrirtækjum og einyrkjum ⁽⁸⁾. Nánar tiltekið er markmið þessarar nýju áætlunar að örva vinnu einstaklinga í fyrirtækjum sem fást við rannsóknir og þróun, en þau eru á byrjunarstigi oft háð vinnuafli sem þau geta ekki greitt fyrir. Stjórnvöld í Noregi telja fyrirtæki, sem fást við rannsóknir og þróun, þýðingarmikil vegna þeirrar verðmætasköpunar sem leiðir af rannsóknum og nýsköpun.

Stjórnvöld í Noregi hafa útskýrt frekar að innleiðing áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf hafi komið til vegna þess að samkvæmt gildandi „Skattefunn-áætlun“ ⁽⁹⁾ er ekki mögulegt að veita stuðning vegna ólaunaðs vinnuafils við rannsókn- og þróunarstarf á vegum frumkvöðlafyrirtækja eða einyrkja, sökum þess að Skattefunn-áætlunin er skattfrádráttaráætlun ⁽¹⁰⁾. Í þessu tilliti hafa stjórnvöld greint frá því að samkvæmt Skattefunn-áætluninni sé aðstoð veitt til rannsókna og þróunarstarfs í formi skattfrádráttar (eða skattafsláttar) þar sem fjárhæð, sem samsvarar hlutfalli af styrkhæfum kostnaði, er dregin frá þeirri fjárhæð sem fyrirtækið á að greiða í skatta. Stjórnvöld í Noregi telja þó að það væri ekki í samræmi við almenna skattalöggjöf að draga frá fjárhæðinni, sem ber að greiða í skatt, fjárhæð sem byggist ekki á *raunverulegum* styrkhæfum kostnaði heldur á ólaunuðu vinnuafli, þ.e. „kostnaði“ sem enn hefur ekki verið stofnað til þar eð engin laun hafa verið greidd og ekkert slíkt kemur fram í reikningum fyrirtækisins. Á þessum grundvelli var talið að ekki væri hægt að viðurkenna ólaunað vinnuafli sem styrkhæfan kostnað samkvæmt Skattefunn-áætluninni.

Af þessum ástæðum lögðu stjórnvöld í Noregi til að stofnað yrði til áætlunar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf og samkvæmt henni veittur fjárstuðningur vegna ólaunaðs vinnuafils við rannsókn- og þróunarstarf í formi styrkja sem væru undanþegnir sköttum. Stjórnvöld í Noregi líta á áætlunina um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf sem leiðréttingu á gildandi Skattefunn-áætlun eða viðbót við hana.

Stjórnvöld í Noregi skýrðu einnig frá því í tilkynningunni að mörg fyrirtæki sinntu verkefnum sem hefðu verið samþykkt samkvæmt Skattefunn-áætluninni, en þeim væri svo gert ókleift að nýta sér skattfrádrátt (eða gert að endurgreiða fjárhæð sem samsvaraði fengnum skattfrádrætti) vegna þess að ólaunað vinnuafli kom að verkefnunum. Stjórnvöld í Noregi ákváðu því að innleiða „bótaáætlun“ í því skyni að bæta fyrirtækjum tap af rekstri rannsókn- og þróunarverkefna á

⁽⁷⁾ Sjá birtingartilvisun í 6. nmgr.

⁽⁸⁾ Undirkafl 3.9 í Þingsályktunartillögu nr. 65 (2004–2005).

⁽⁹⁾ Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti Skattefunn-áætlunina með ákvörðun 171/02/COL frá 25. september 2002 og breytingar við áætlunina með ákvörðun 16/03/COL frá 5. febrúar 2003.

⁽¹⁰⁾ Stjórnvöld í Noregi nota hugtökin „gründerselskaper“ og „enkelpersonforetak“ um þessi félagaform.

árunum 2002–2004 sem stafaði af því að Skattefunn-áætlunin tók ekki til ólaunaðs vinnuafls ⁽¹¹⁾. Með ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn að því er varðar áætlunina um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf leit Eftirlitsstofnun EFTA svo á að aðstoð, sem veitt væri fyrirtækjum samkvæmt bótaáætluninni, teldist minniháttaraðstoð samkvæmt reglugerð um slíka aðstoð ⁽¹²⁾. Bótaáætlunin féll ekki undir formlegu rannsóknina.

Lagagrundvöllur

Í upprunalegu frumvarpi til fjárlaga, sem norska ríkisstjórnin lagði fyrir norska þingið ⁽¹³⁾, og fylgt var eftir með tilmælum þingnefndar til þingsins ⁽¹⁴⁾, hugðist ríkið eyrnamerkja samtals 70 milljónir norskra króna áætluninni um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf og bótaáætluninni sameiginlega ⁽¹⁵⁾. Þar eð beðið er samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA hefur ekkert fjármagn verið greitt samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf, en stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að áætluð árleg fjárveiting vegna áætlunarinnar sé **að hámarki** u.þ.b. 50 milljónir norskra króna ⁽¹⁶⁾.

Samhliða samþykkt upprunalegrar fjárhagsáætlunar fyrir áætlunina um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf samþykkti norska þingið hinn 17. júní 2005 frumvarp til breytinga á norskum lögum um eigna- og tekjuskatt með ákvæðum um skattameðferð og efri mörk með tilliti til fjármagns sem úthlutað er samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf (hér á eftir nefnt „skattalög um áætlun um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf“) ⁽¹⁷⁾.

Auk samþykktar fjárhagsáætlunarinnar og skattalaga um áætlun um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf hefur norska viðskipta- og iðnaðarráðuneytið gefið út drög að verklagsreglum um framkvæmd áætlunarinnar um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf (hér á eftir nefnd „verklagsreglur áætlunarinnar um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf“) ⁽¹⁸⁾. Í þessum drögum að verklagsreglum er kveðið á um að „Norges forskningsråd“ (Rannsóknaráði Noregs) skuli falin stjórnun og framkvæmd áætlunarinnar.

Framkvæmd áætlunarinnar um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf – styrkhæf verkefni

Í verklagsreglum áætlunarinnar um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf kemur fram að styrkhæf verkefni felist í rannsókn- og þróunarstarfi sem innt er af hendi af einstaklingum sem fá ekki laun eða annað endurgjald fyrir vinnu sína. Undir þetta falla ekki einstaklingar sem fá greiðslur úr öðrum opinberum sjóðum ⁽¹⁹⁾.

Samkvæmt verklagsreglum áætlunarinnar um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf eru styrkhæf verkefni sem hér segir:

- i) Verkefni sem tengjast skipulegri rannsókn eða gagnrýnni athugun sem miðast að því að öðlast nýja þekkingu og færni til að þróa nýjar framleiðsluvörur, verkferla eða þjónustu eða bæta verulega eldri framleiðsluvörur, verkferla eða þjónustu. Undir þetta fellur smíð ihluta flókinna

⁽¹¹⁾ Hinn 2. júlí 2006 gáfu stjórnvöld í Noregi út konunglegan úrskurð nr. 123 um framkvæmd bótaáætlunarinnar: „Forskrift om kompensasjon for ulønnet arbeidsinnsats i Skattefunn-godkjente forsknings- og utviklingsprosjekter for inntektsårene 2002, 2003 og 2004“. Sjá einnig lýsingu í undirkafla 3.9 í þingsályktunartillögu nr. 65 (2004–2005).

⁽¹²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð [sic] (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30) sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá lið 1e í XV. viðauka.

⁽¹³⁾ Undirkafla 3.9 í þingsályktunartillögu nr. 65 (2004–2005), 928. kafla, 71. liður.

⁽¹⁴⁾ Undirkafla 10.1.1.2 í Innst. S. nr. 240 (2004–2005), 928. kafla, 71. liður

⁽¹⁵⁾ Þingið samþykkti fjárhagsáætlunina 17. júní 2005. Á tímabilinu 2006–2007 voru 35 milljónir norskra króna veittar samkvæmt bótaáætluninni.

⁽¹⁶⁾ Þetta er áætlað og kemur því ekki fram í neinum lagatextum.

⁽¹⁷⁾ Lov 2005-06-17 nr 74: Lov om endringer i lov 26. mars 1999 nr. 14 om skatt av formue og inntekt (skatteloven). Tillögu ríkisstjórnarinnar til þingsins er að finna í undirkafla 14.1 í frumvarpi nr. 92 (2004–2005) og vísar hún til upprunalegrar fjárveitingatillögu í þingsályktunartillögu nr. 65 (2004–2005). Tillagan var studd með ályktun frá fjárlaganefndinni á þinginu, sjá undirkafla 15.1 í tillögu nr. 125 (2004–2005).

⁽¹⁸⁾ Drög að verklagsreglum áætlunarinnar um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf eru stjórnsýslufyrirmæli sem gefin eru út á grundvelli innri reglugerða um fjármálastjórnun ríkisins og bera yfirskriftina „Reglement for økonomistyring i staten“ og „Bestemmelser om økonomistyring i staten“.

⁽¹⁹⁾ Ákvæði 6. undirkafla III. hluta.6.A á staðlaða tilkynningareyðublaðinu og 3. undirkafla verklagsreglna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf.

kerfa sem er nauðsynlegur þáttur í slíkum rannsóknum, einkum í tengslum við almennar tækniprófanir, að undanskildum frumgerðum sem falla undir lið ii) ⁽²⁰⁾.

- ii) Verkefni sem miðast við að afla nýrra upplýsinga, þekkingar eða reynslu sem talið er að gagnist fyrirtækinu við þróun nýrra og betri framleiðsluvara, þjónustu eða framleiðsluáðferða. Þá telst starfsemi, þar sem niðurstöður úr iðnrannsóknum eru yfirfærðar í áætlun, verkefni eða hönnun fyrir nýjar og betri framleiðsluvörur, þjónustu eða framleiðsluáðferðir, auk þróunar á fyrstu frumgerð eða tilraunaverkefni sem ekki er hægt að nýta í viðskiptum, einnig styrkhæf starfsemi samkvæmt áætluninni ⁽²¹⁾.

Stjórnvöld í Noregi hafa lýst yfir að þessar skilgreiningar á styrkhæfum rannsókna- og þróunarverkefnum séu sams konar og skilgreiningar á styrkhæfum rannsókna- og þróunarverkefnum samkvæmt núgildandi Skattefunn-áætlun. Reyndar vísa stjórnvöld til styrkhæfra verkefna, sem falla undir áætlunina um ólaunað vinnuafli við rannsókna- og þróunarstarf, sem verkefna sem uppfylla „Skattefunn-skilyrðin“ eða hafa verið samþykkt samkvæmt Skattefunn-áætluninni ⁽²²⁾.

Eins og nefnt er hér á undan mun Rannsóknaráð Noregs sjá um framkvæmd og stjórnsýslu vegna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókna- og þróunarstarf. Ráðið sinnir einnig skrifstofuhaldi og gegnir hlutverki stjórnsýsluáðila sem metur hvort verkefni eru styrkhæf samkvæmt Skattefunn-áætluninni ⁽²³⁾. Stjórnvöld í Noregi hafa útskýrt að þar eð styrkhæft rannsókn- og þróunarstarf er skilgreint á sama hátt samkvæmt Skattefunn-áætluninni og áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókna- og þróunarstarf og stjórnsýsluáðilinn, sem metur hvort verkefni eru styrkhæf, er hinn sami í báðum tilvikum sé náð samræmi í framkvæmd þessara tveggja áætlana. Í þessu tilliti er fyrirhugað að umsækjendur, sem sækja um stuðning vegna styrkhæfs rannsókn- og þróunarstarfs, þurfi aðeins að fylla út eina umsókn og geti þá valið hvort stuðnings er leitað vegna launaðs og/eða ólaunaðs vinnuafls með tilliti til viðkomandi rannsókn- og þróunarstarfs ⁽²⁴⁾. Þá verður tekið tillit til fjárstuðnings, sem veittur er samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókna- og þróunarstarf, þegar umsækjendur sækja jafnframt um stuðning samkvæmt Skattefunn-áætluninni, og heildarstöð verður með fyrirvara um hámark stuðnings samkvæmt síðarnefndu áætluninni ⁽²⁵⁾. Að sögn stjórnvalda í Noregi er eini munurinn á þessum tveimur áætlunum raunar tegund styrkhæfs kostnaðar (þ.e. launað eða ólaunað vinnuafli) svo og aðstoðarformið (þ.e. skattfrádráttur eða skattfrjáls styrkur).

Jafnframt þessu hafa stjórnvöld í Noregi lýst yfir að ekki megi hefjast handa við verkefni, sem metin eru styrkhæf samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókna- og þróunarstarf, áður en styrkumsókn er lögð fram ⁽²⁶⁾.

2.2 Styrkþegar

Í tilkynningunni greindu stjórnvöld í Noregi frá því að áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf væri opin öllum skattgreiðendum með skattskyldu í Noregi, og þar með öllum fyrirtækjum án tillits til stærðar, atvinnugreinar eða starfssvæðis ⁽²⁷⁾. Fyrirtæki, sem taka þátt í samstarfsverkefni sameiginlega, geta einnig notið góðs af áætluninni ⁽²⁸⁾.

⁽²⁰⁾ Í tilkynningunni er millivísáð í Skattefunn-áætlunina en eingöngu nefnd sérstaklega sú tegund verkefna sem er í lið ii) hér á eftir og var því ekki ljóst hvort aðrar tegundir verkefna féllu samt sem áður undir gildissvið áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf. Með tölvupósti dagsettur 12. mars 2008 (skjalnr. 469276) staðfestu stjórnvöld í Noregi þó að áætlunin tæki til þeirrar tegundar rannsókn- og þróunarstarfs sem lýst er í lið i) hér á undan.

⁽²¹⁾ Ákvæði 6. undirkafla I. hluta á staðlaða tilkynningaeyðublaðinu og 3. undirkafla verklagsreglna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf. Áætlunin tekur þó ekki til venjulegrar vörubrúunar fyrirtækis sem einkennist ekki af rannsókn, t.d. verkefna sem eru viðvarandi eða fela í sér breytingar á aðferðum án þess að þróa þurfi nýja þekkingu eða nota fyrirbyggjandi þekkingu á nýjan hátt, eru skipulagslegs eðlis eða byggjast á athugunum o.s.frv.

⁽²²⁾ Ákvæði 3. undirkafla verklagsreglna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf og IX. þáttar skattalaga um áætlun um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf.

⁽²³⁾ Undirkafla 3.9 í þingsályktunartillögu nr. 65 (2004–2005), undirkafla 14.1 í frumvarpi nr. 92 (2004–2005) og inngangur að verklagsreglum áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf. Enda þótt „Innovasjon Norge“, áður „Statens nærings- og distriktsutviklingsfond“, taki einnig þátt í stjórnun á Skattefunn-áætluninni gegnir sá sjóður aðeins litlu hlutverki.

⁽²⁴⁾ Ákvæði 7. undirkafla verklagsreglna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf.

⁽²⁵⁾ Sjá nánar undirkafla 2.3, „Styrkhæfur kostnaður og aðstoðarlutfall“, hér á eftir.

⁽²⁶⁾ Tölvupóstur stjórnvalda í Noregi dagsettur 12. mars 2008 (skjalnr. 469275).

⁽²⁷⁾ Sjá einnig undirkafla 3.9 í þingsályktunartillögu nr. 65 (2004–2005) þar sem því er lýst yfir að áætlun um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf taki til einyrkja, hlutafélaga og annarra tegunda fyrirtækja.

⁽²⁸⁾ Í þessu tilviki er kostnaði við verkefnið dreift á þátttakendur í hlutfalli við umfang þátttökunnar.

Stjórnvöld í Noregi greindu frá því að tilgangur þess að láta áætlunina um ólaunað vinnuafli við rannsóknna- og þróunarstarf ná einnig til meðalstórra og stórra fyrirtækja væri sá að samræma hana að þessu leyti Skattefunn-áætluninni (sem öll fyrirtæki geta tekið þátt í án tillits til stærðar). Í þessu tilliti greindu stjórnvöld í Noregi frá því að þetta væri einnig ástæða þess að „*engin formleg mismunun verður á kostnað stærri fyrirtækja í skilgreiningu áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsóknna- og þróunarstarf að því er varðar styrkþega*“ (feitletun hér) ⁽²⁹⁾.

Stjórnvöld í Noregi hafa þó einnig gert það ljóst að í reynd miðist áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsóknna- og þróunarstarf eingöngu við frumkvöðlafyrirtæki og einyrkja: „*Þótt áætlunin taki til fyrirtækja af öllum stærðum leiðir af eðli hennar (sem er að veita styrki vegna ólaunaðs vinnuafli) að hvatningaráhrifin hafa mesta þýðingu fyrir frumkvöðlafyrirtæki og einyrkja*“ ⁽³⁰⁾. Á sama hátt hafa stjórnvöld gert grein fyrir því að áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsóknna- og þróunarstarf miðist „... fyrst og fremst við nýstofnuð fyrirtæki sem byggja á tækni og geta með engu móti greitt laun þeirra einstaklinga sem annast rannsóknna- og þróunarstarfið“ og „*þar eð áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsóknna- og þróunarstarf á að styðja við ólaunaða vinnu, sem starfsfólk við rannsóknir og þróun annast án þess að fá fyrir laun eða annað endurgjald, varðar áætlunin ekki venjuleg meðalstór og stór fyrirtæki*“ ⁽³¹⁾.

Í samræmi við þetta hafa stjórnvöld í Noregi lýst yfir að „*fyrirtæki með ársveltu eða heildartölu efnahagsreiknings, sem samsvarar skilgreiningu Eftirlitsstofnunar EFTA á meðalstórum fyrirtækjum, munu í reynd ekki fá stuðning vegna ólaunaðs vinnuafli*“ ⁽³²⁾. Þau hafa jafnframt bætt þessu við: „*Stærri fyrirtæki nota venjulega launað starfsfólk við rannsóknir og þróun til að annast raunverulegt rannsóknna- og þróunarstarf í tengslum við Skattefunn-verkefni*“ og „*geta dregið launakostnað vegna þessara starfsmanna frá skatti samkvæmt Skattefunn-áætluninni, og slík fyrirtæki munu því hvorki þurfa styrk samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsóknna- og þróunarstarf né hafa forsendur til að sækja um hann*“ ⁽³³⁾.

Loks hafa stjórnvöld í Noregi lýst yfir að þar eð hámarksfjárhæð stuðnings við styrkhæft verkefni sé hin sama hvort sem stuðningurinn er veittur eingöngu í formi skattfrádráttar samkvæmt Skattefunn-áætluninni eða sem sambland af skattfrádrætti og styrks samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsóknna- og þróunarstarf er ekkert sem hvetur stórfyrirtæki til að nýta sér báðar áætlanirnar.

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu því Eftirlitsstofnun EFTA í bréfi dagsettu 15. febrúar 2008 (skjalnr. 465311) að áætlunin takmarkaðist „*formlega við skilgreiningu Eftirlitsstofnunar EFTA á litlum fyrirtækjum og örfyrirtækjum*“.

2.3 *Styrkhæfur kostnaður og aðstoðarhlutfall*

Styrkhæfur kostnaður

Stjórnvöld í Noregi hafa tilkynnt að samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsóknna- og þróunarstarf séu styrkhæf útgjöld kostnaður við ólaunað vinnuafli í tengslum við styrkhæft verkefni ⁽³⁴⁾. Að því er varðar útreikning vðeigandi tímagjalds fyrir ólaunað vinnuafli hafa stjórnvöld í Noregi gert grein fyrir því að þar eð formleg menntun og hæfi einstaklings endurspeglar ekki alltaf í getu hans til að annast rannsóknna- og þróunarverkefni sé erfitt að tilgreina gjaldflokka sem samsvari menntun, reynslu og verksviði viðkomandi. Því var ákveðið að nota eitt sameiginlegt tímagjald við útreikning á stuðningi samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsóknna- og þróunarstarf.

⁽²⁹⁾ Bréf stjórnvalda í Noregi (skjalnr. 356994) dagsett 10. janúar 2006.

⁽³⁰⁾ Undirkafla 8.1 í III. hluta 6.A staðlaða tilkynningareyðublaðsins.

⁽³¹⁾ Bréf stjórnvalda í Noregi (skjalnr. 356994) dagsett 10. janúar 2006.

⁽³²⁾ Bréf stjórnvalda í Noregi (skjalnr. 356994) dagsett 10. janúar 2006.

⁽³³⁾ Bréf stjórnvalda í Noregi (skjalnr. 356994) dagsett 10. janúar 2006.

⁽³⁴⁾ Ákvæði 6. undirkafla III. hluta 6.A á staðlaða tilkynningareyðublaðinu.

Tímagjaldið, sem stjórnvöld í Noregi lögðu til, miðast við 1,6 % af heildarárstekjum iðnverkamanns árið 2005 (348 300 norskra króna) ⁽³⁵⁾, en það samsvarar tímagjaldinu 557,28 norskar krónur sem var til hægðarauka námundað í 500 norskar krónur. Tímagjaldið 500 norskar krónur er háð breytingum samkvæmt ákvörðun viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins á grundvelli almennrar launaþróunar.

Aðferðin við útreikning tímagjaldsins (sem 1,6 % af heildarárslaunum) var þróuð hjá Rannsóknaráði Noregs. Að því er þetta varðar hafa stjórnvöld í Noregi skýrt frá því að hæfur vandi sé að ákvarða tímagjald fyrir vinnu með vísun í meðalárslaun (samkvæmt hagskýrslum) og meðalvinnustundir á ári. En til þess að einfalda styrkveitingar vegna rannsókn- og þróunarstarfs vildi Rannsóknaráð Noregs ganga lengra. Það þróaði því aðferð sem byggðist á því að inn í tímagjaldið rann ekki aðeins: i) hreinn launakostnaður, heldur einnig ii) „annar rekstrarkostnaður“ sem er reiknaður á hvern starfsmann og felur í sér a) launatengdan félagslegan kostnað (s.s. lífeyrissjóðsiðgjöld og almannatryggingar o.s.frv.), b) kostnað á hvern starfsmann vegna nota á búnaði (t.d. síma, tölvu-/upplýsingatæknibúnaði, ljósritunarvél o.s.frv.), c) almennan óbeinan kostnað við rafmagn, hita, leigu skrifstofuhúsnæðis, mótuneytis- og þjónustustarfsfólk og tímabundna ráðningu aðstoðarmanna og d) leigu/kaup á tækjum og skrifstofuvörum.

Tímagjald fyrir „ólaunað vinnuafli“ nær því ekki aðeins yfir hreinan launakostnað heldur einnig „annar rekstrarkostnað“ á hvern starfsmann ⁽³⁶⁾.

Við vinnslu aðferðarinnar tók Rannsóknaráð Noregs mið af bókhaldi nokkurra norskra fyrirtækja sem sýndu að árlegur rekstrarkostnaður væri 1,8 sinnum hærri að meðaltali en árlegur launakostnaður (að meðtöldum félagslegum kostnaði) ⁽³⁷⁾. Eftir að árlegur launakostnaður hafði verið leiðréttur að teknu tilliti til innifalins félagslegs kostnaðar (sem samsvaraði allt að 40 % launanna) reyndist meðalrekstrarkostnaður vera 2,52 sinnum hærri en hreinn launakostnaður. Með því að deila þessari tölu með árlegum meðalvinnustundafjölda (1 500) ⁽³⁸⁾ kom í ljós að rekstrarkostnaður á klukkustund var 1,68 % (námundað í 1,6 %) af hreinum árlegum launakostnaði. Í samræmi við þetta er aðferðin sú að tímagjald ólaunaðs vinnuafls (sem tekur bæði til hreins launakostnaðar og „annars rekstrarkostnaðar“) reiknast sem 1,6 % af viðkomandi árslaunum.

Í verklagsreglun áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf er kveðið á um að styrkhæfur kostnaður vegna ólaunaðs vinnuafls sé háður föstum efri mörkum að fjárhæð 2 milljóna norskra króna á fyrirtæki á ári ⁽³⁹⁾.

Að því er varðar eftirlitsráðstafanir skal kostnaður vegna ólaunaðs vinnuafls og annarra verkefna loks vottaður af endurskoðanda fyrir hverja styrkumsókn ⁽⁴⁰⁾. Upplýsingar um „annar rekstrarkostnað“, sem fallið hefur til, eru sannreynar með útgefnum reikningum, en stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að þar eð ekkert bendir til þess að tilkynntar hafi verið vinnustundir vegna ólaunaðs vinnuafls sé fyrirtækjum gert að skrá dagsetningu, verkefni, fjölda vinnustunda og nafn viðkomandi einstaklings. Í verkefnum, sem fleiri en einn vinna að, skulu skrárnar undirritaðar bæði af þeim sem stundaði ólaunuðu vinnuna og þeim sem ber ábyrgð á verkefninu. Þá er Rannsóknaráði Noregs heimilt að fækka skráðum vinnustundum ef í ljós kemur í málsmeðferðinni að uppgæfni stundafjöldi er ekki réttur.

⁽³⁵⁾ Sjá NOU 2004:14 með fyrirbúgninni „Om grunnlaget for inntektsoppgjørene“, en það er skýrsla um endurskoðun á grundvelli ákvörðunar á launastigi í opinberum hagskýrslum sem gefnar eru út af stofnun sem ríkið hefur komið á fót. Samkvæmt skýrslunni voru meðalárslaun iðnverkamanns (fyrir fullt starf) 319 600 norskra króna árið 2003. Að teknu tilliti til áætlaðrar hækkunar árslauna um 4,4 % milli árána 2004 og 2005 (sem samsvarar hækkun árslauna milli árána 2002 og 2003) voru áætluð meðalárslaun iðnverkamanns 348 300 norskra króna árið 2005. Þessi nálgun kemur til af því að þegar tilkynningin birtist árið 2005 voru þetta bestu tilteku gögnin. Til samanburðar sýnir NOU 2007:3 að meðallaun iðnverkamanns á árinu 2006 reyndust 355 600 norskra króna.

⁽³⁶⁾ Þótt fjárhæð slíks „annars rekstrarkostnaðar“ reiknist á starfsmann/klukkustund er sannreynt með útgefnum reikningum að stofnað hafi verið til slíks kostnaðar, eins og útskýrt er hér á eftir.

⁽³⁷⁾ Endurskoðunin fór fram árið 1990 og miðaðist við nokkur mismunandi stór fyrirtæki.

⁽³⁸⁾ Þegar leiðrétt hefur verið vegna veikinda, barnsburðarleyfis o.s.frv.

⁽³⁹⁾ Ákvæði 3. undirkafla verklagsreglna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf. Af undirkafla 3.9 í þingsályktunartillögu nr. 65 (2004–2005) má ráða að efri mörkin eru í grundvallaratriðum 50 % af kostnaðarhámarki (í tengslum við verkefni sem fyrirtækið sjálf annast) samkvæmt Skattefumm-áætluninni (4 milljónir norskra króna).

⁽⁴⁰⁾ Ákvæði 4 undirkafla verklagsreglna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf.

Aðstoðarhlutfall

Í verklagsreglum áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf er kveðið á um að styrkir, sem veittir eru samkvæmt áætluninni, séu háðir viðmiðunarmörkum sem sett eru í kafla 16-40 í norskum lögum um eigna- og tekjuskatt⁽⁴¹⁾. Skattefunn-áætlunin grundvallast á þessu ákvæði og þar er kveðið á um að viðurkennt aðstoðarhlutfall sé allt að 20% að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

Í tilkynningunni lögðu stjórnvöld í Noregi fram upplýsingar um að brúttóaðstoðarhlutfall til lítilla og meðalstórra fyrirtækja væri 27,8%⁽⁴²⁾. Stuðningur samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf er greiddur í formi styrkja og samsvarar 20% af styrkhæfum kostnaði⁽⁴³⁾. Með skírskotun til skattalaga um áætlun um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf eru styrkirnir jafnframt undanþegnir tekjuskatti fyrirtækja sem nú er 28%. Skattfrjáls styrkur, sem er 20% styrkhæfs kostnaðar, samsvarar því skattskyldum styrk sem er 27,8% kostnaðarins. Brúttóaðstoðarhlutfall er því 27,8%.

Tekið er tillit til styrkja samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf í tengslum við fengna aðstoð samkvæmt Skattefunn-áætluninni og tekið er tillit til stuðnings samkvæmt fyrrnefndu áætluninni þegar hámark samkvæmt hinni síðari er reiknað. Samkvæmt Skattefunn-áætluninni má heildarfjárhæð stuðnings við lítil og meðalstór fyrirtæki ekki vera umfram 20% styrkhæfs kostnaðar, en sá kostnaður má ekki fara yfir 4 milljónir norskra króna á fyrirtæki á ári. Fari heildarfjárstuðningur yfir hámarkið, sem sett er samkvæmt Skattefunn-áætluninni, er skattfrádráttur lækkaður sem því nemur. Stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að þetta hámark sé háð því að kostnaður, sem rekja má til ólaunaðs vinnuafli, sé í öllum tilvikum innan ofangreindra efri marka að fjárhæð 2 milljóna norskra króna á fyrirtæki á ári. Loks hafa stjórnvöld greint frá því að hljóti verkefni styrki samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf auk opinberra styrkja úr öðrum sjóðum, öðrum en Skattefunn-áætluninni, sem samtals fara yfir hámark heildarstuðnings, verði styrkir samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf lækkaðir.

2.4 Fjárveiting og gildistími

Eins og nefnt hefur verið áætla stjórnvöld í Noregi að fjárveiting vegna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf verði þegar fram í sækir **að hámarki u.þ.b. 50 milljónir** norskra króna á ársgrundvelli.

Samkvæmt tilkynningunni um áætlunina um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf var gildistími hennar ótiltekinn. Í bréfi dagsettu 15. febrúar 2008 (skjalnr. 465311) greindu stjórnvöld í Noregi hins vegar frá því að hámarksgildistími áætlunarinnar yrði tengdur gildistíma núgildandi leiðbeininga um aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð (er nefnast hér á eftir „leiðbeiningarnar um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun“) sem falla úr gildi 31. desember 2013. **Stjórnvöldum í Noregi er ljóst að komi til þess að áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf verði framlengd er þörf á nýrri tilkynningu.**

3. Ástæður til að hefja rannsókn

Eftirlitsstofnun EFTA hóf formlega rannsókn á grundvelli þeirra bráðabirgðaniðurstaðna að áætlun um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf hefði í för með sér ríkisaðstoð sem óvíst var að gæti talist samrýmast EES-samningnum. Eitt áhyggjuefni stofnunarinnar var hvort aðstoðarhlutfall samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf gæti orðið

⁽⁴¹⁾ Ákvæði 3. undirkafla verklagsreglna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf.

⁽⁴²⁾ Ákvæði 7. undirkafla hluta III.6.A á staðlaða tilkynningaeyðublaðinu.

⁽⁴³⁾ Stjórnvöld í Noregi hafa lýst yfir að með tilliti til þess að efri mörk fyrir styrkhæfs kostnaðar vegna ólaunaðs vinnuafli séu 2 milljónir norskra króna og að aðstoðarhlutfall sé 20% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki verði styrkmörkin í rauntölum 400 000 norskra króna á ársgrundvelli. Ákvæði 3. undirkafla verklagsreglna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf og 6. undirkafla I. hluta staðlaða tilkynningaeyðublaðsins.

hærra en kveðið er á um í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð⁽⁴⁴⁾. Styrkir, sem veita má samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf, eru undanþegnir skatti og breyting á skatthlutfalli getur því haft í för með sér hærra brúttóaðstoðarhlutfall. Þar eð kostnaður vegna „ólaunaðs vinnuafls“ er ekki kostnaður sem stofnað hefur verið til í raun hafði Eftirlitsstofnun EFTA jafnframt efasemdir um hvort hann teldist styrkhæfur samkvæmt þessum leiðbeiningum. Í þessu tilliti hafði stofnunin hliðsjón af því að samkvæmt sjöttu rammaáætlun Evrópubandalagsins á sviði rannsókna var stuðningur vegna „ólaunaðs“ vinnuafls ekki leyfður. Loks taldi stofnunin vafasamt að nauðsynleg hvatningaráhrif væru fyrir hendi.

4. Athugasemdir stjórnvalda í Noregi

Stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að hækki skatthlutfallið verði styrkur samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf lækkaður, ef þörf krefur, til að tryggja að aðstoðarhlutfall fari ekki yfir hámarksaðstoðarhlutfall samkvæmt leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun. Stjórnvöld í Noregi byggja þessa yfirlýsingu á síðustu málsgrein 3. undirkafla verklagsreglna áætlunarinnar um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf, en þar segir, í íslenski þýðingu: „*Þegar höfð er í huga opinber heildarfjármögnun verkefnisins er tekið tillit til styrks [fyrir ólaunað vinnuafl] á sama hátt og væri um skattfrádrátt að ræða. Ef opinber heildarfjármögnun fyrir verkefnið fer yfir [efri mörk] leyfðrar aðstoðar samkvæmt reglum Eftirlitsstofnunar EFTA verður skattfrádrátturinn lækkaður. Ef stuðningur vegna ólaunaðs vinnuafls hefur einn og sér í för með sér að farið er yfir hámark leyfðs heildarstuðnings verður styrkur vegna ólaunaðs vinnuafls lækkaður*“⁽⁴⁵⁾.

Með tilliti til ákvæðisins um að „*einstaklingar [megi] ekki færa vinnukostnað vegna persónulegrar þátttöku sinnar í verkefninu til gjalda*“, sem er að finna í sjöttu rammaáætlun Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, hafa stjórnvöld í Noregi fært fram þau rök að hugtakið „einstaklingar“ vísi til launaðs háskólafélks sem fái greidd laun frá rannsóknastofnuninni (til aðgreiningar frá einyrkjum). Þar eð slíkir einstaklingar geta aldrei átt kost á stuðningi samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf telja stjórnvöld í Noregi að vísunin í sjöttu rammaáætlun Evrópubandalagsins á sviði rannsókna eigi ekki við.

Með tilliti til fyrirhugaðs tímagjalds hafa stjórnvöld í Noregi bent á að útreikningur á tímagjaldinu 500 norskar krónur miðist við heildarárslaun *iðnverkamanns*, sem séu mun lægri en heildarárslaun *starfsmanna við rannsókn- og þróunarstarf*. Þar eð menntunartígi í einyrkja- og frumkvöðlafyrirtækjum sé oft sambærilegt við hærra menntunartígi starfsfélks sem annast rannsóknir og þróun hefði mátt byggja útreikning á tímagjaldi vegna áætlunar um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf á hærri launum sem samsvara launum verkfræðings. Þau námu 460 000 eða 530 000 norskra króna árið 2005 (eftir því hvort miðað var við fimm eða tíu ára starfsreynslu) en það samsvarar tímagjaldinu 772,80 eða 890,40 norskar krónur⁽⁴⁶⁾. Stjórnvöld í Noregi hafa á þessum grundvelli fært rök fyrir því að með því að leggja til tímagjald, sem reiknað sé á grundvelli mun lægri heildarárslauna *iðnverkamanns*, sé tímagjaldinu haldið í lágmarki.

Að því er varðar hvatningaráhrif halda stjórnvöld í Noregi því fram að þar eð lausafé sé helsta vandamál sprotafyrirtækja á byrjunartígi muni sjálfkrafa gæta hvatningaráhrifa hjá helsta markhópi áætlunarinnar, þ.e. litlum frumkvöðlafyrirtækjum og einyrkjum.

⁽⁴⁴⁾ Eldri leiðbeiningar um aðstoð vegna til rannsókna og þróunar hafa nú vikið fyrir hinum nýju leiðbeiningum um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar frá 7. febrúar 2007. Þegar ákvörðun var tekin um að hefja formlega rannsókn á áætluninni um ólaunað vinnuafl við rannsókn- og þróunarstarf voru eldri leiðbeiningarnar enn í gildi. Þar eð efnisákvæði laga, sem varða mat á umræddu tilviki, eru óbreytt að mestu verður þó ekki vikið að lagabreytingunni frekar hér á eftir.

⁽⁴⁵⁾ [Íslenska þýðingin er gerð eftir enskri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA.]

⁽⁴⁶⁾ Heimild: Yfirlitstölur um laun sem komu út árið 2007 á vegum samtaka háskólamenntaðra verkfræðinga í Noregi, „TEKNA“.

II. MAT

1. Veitt ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður ráðstöfun að fullnægja eftirtöldum fjórum skilyrðum til að teljast ríkisaðstoð: i) styrkþegar verða að hafa efnahagslegan ávinning af ráðstöfuninni sem ekki fæst í venjulegum viðskiptum, ii) ávinningurinn verður að koma frá ríkinu eða af ríkisfjármunum, iii) ráðstöfunin verður að vera sértæk með því að ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara sé ívilnað og iv) ráðstöfunin verður að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Í því sem hér fer á eftir er rannsakað hvort þessum fjórum skilyrðum er fullnægt í málinu sem er til umfjöllunar.

1.1 Efnahagslegur ávinningur

Styrkþegar verða að hafa efnahagslegan ávinning af ráðstöfuninni sem ekki fæst í venjulegum viðskiptum.

Samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf munu stjórnvöld í Noregi veita skattgreiðendum, þ.m.t. fyrirtækjum, fjárstyrki. Fyrirtækin, sem fá slíka styrki, hljóta því efnahagslegan ávinning, þ.e. styrk sem þau hefðu ekki fengið í venjulegum viðskiptum.

Styrkirnir eru ennfremur undanþegnir tekjuskatti fyrirtækja. Undanþága frá skatti losar styrkþega undan útgjöldum sem venjulega eru greidd af rekstrarfé þeirra, svo að í undanþágunni felst efnahagslegur ávinningur umfram sjálfan styrkinn.

1.2 Ríkisfjármunir

Ráðstöfunin verður að koma frá ríkinu eða af ríkisfjármunum.

Styrkir, sem úthlutað er samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf, eru fjármagnaðir af viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu og eru því fjármagnaðir af ríkinu.

Að því er varðar undanþágu frá tekjuskatti fyrirtækja felur undanþága frá skatti ennfremur í sér að ríkið verður af skatttekjum, og missir skatttekna jafngildir því að gengið sé á ríkisfjármuni í formi útgjalda sem tengjast sköttum ⁽⁴⁷⁾.

1.3 Stuðningur við tiltekin fyrirtæki eða framleiðslu á tilteknum vörum

Ráðstöfunin verður vera sértæk með því að „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“ sé ívilnað.

Í tilkynningunni var gerð grein fyrir því að fjármögnun samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf væri tiltæk öllum fyrirtækjum óháð stærð, atvinnugrein og starfssvæði.

Í ákvörðun 16/03/COL frá 5. febrúar 2003 um að heimila rýmkun á Skattefunn-áætluninni svo hún nái til allra fyrirtækja, óháð stærð og atvinnugrein ⁽⁴⁸⁾ komst Eftirlitsstofnun EFTA að

⁽⁴⁷⁾ Ákvæði 3. mgr. 3. undirkafla leiðbeininga um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

⁽⁴⁸⁾ Þótt það sé ekki tiltekið sérstaklega voru styrkir einnig veittir óháð starfssvæði.

þeirri niðurstöðu að sú stofnun, sem hafði með höndun stjórnun og framkvæmd Skattefunn-áætlunarinnar (Rannsóknaráð Noregs), hefði ákvörðunarvald með tilliti til þess að meta rannsóknareiginleika verkefna og hvatningaráhrif af stuðningsráðstöfuninni.

Í ljósi þess, sem hér hefur verið rakið, og með tilliti til þess að viðmiðanir fyrir ákvörðun á styrkhæfi verkefna eru þær sömu samkvæmt Skattefunn-áætluninni og áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf og metnar af sama stjórnvaldi, þ.e. Rannsóknaráði Noregs, telur Eftirlitsstofnun EFTA að sú stofnun hafi einnig ákvörðunarvald við framkvæmd áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf. Að því er þetta varðar vísar stofnunin til þess að Dómstóll Evrópubandalaganna hefur talið að þegar ákvörðunarvald í tengslum við aðstoðaráætlun er í höndum opinberra stjórnvalda feli það í reynd í sér að áætlunin sé sértæk⁽⁴⁹⁾. Af þessum sökum er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að þess konar áætlun væri í reynd sértæk.

Raunar staðfesta yfirlýsingar stjórnvalda í Noregi þess efnis að þó að „*engin formleg mismunun [sé] fyrir hendi gagnvart stærri fyrirtækjum í skilgreiningu á styrkþegum í áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf*“ (feitletrun hér) „*munu fyrirtæki með ársveltu eða heildartölu efnahagsreiknings, sem samsvarar skilgreiningu Eftirlitsstofnunar EFTA á meðalstórum fyrirtækjum, ekki njóta stuðnings vegna ólaunaðs vinnuafils í reynd*“ að Rannsóknaráð Noregs hefði beitt ákvörðunarvaldi sínu til að útiloka stærri fyrirtæki frá stuðningi í reynd.

Ofangreint mat gildir með sama hætti um undanþágu frá tekjuskatti fyrirtækja sem styrkþegar njóta samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf.

Af þessum sökum ákváðu stjórnvöld í Noregi, meðan formleg rannsókn stóð yfir, að takmarka áætlunina um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf formlega við örfyrirtæki og lítil fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í leiðbeiningum um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð⁽⁵⁰⁾. Áætlunin er því sértæk.

1.4 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli samningsaðila

Ráðstöfunin verður að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf tekur til allra atvinnugreina Noregi. Í ljósi þess að á árinu 2006 var útflutningur til Evrópusambandsins um 82% af heildarútflutningi frá Noregi, en innflutningur frá Evrópusambandinu nálægt 69% af heildarinnflutningi til Noregs, má sjá að umfangsmikil viðskipti eru milli Noregs og Evrópusambandsins⁽⁵¹⁾.

Við þessar aðstæður telur Eftirlitsstofnun EFTA að stuðningur og tengd undanþága frá skatti samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf muni styrkja stöðu styrkþega gagnvart fyrirtækjum sem starfa í öðrum EES-rikkjum og eru í samkeppni í svipuðum atvinnugreinum eða viðskiptum. Vegna formlegrar útilokunar stærri fyrirtækja frá áætluninni styrkist enn fremur staða lítilla fyrirtækja og örfyrirtækja sem fá stuðning samkvæmt áætluninni. Verður því að líta svo á að áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf hafi áhrif á viðskipti og raski eða sé til þess fallin að raska samkeppni.

1.5 Niðurstaða

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að veittur stuðningur, þ.m.t. undanþága frá skatti, samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf sé ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽⁴⁹⁾ Sjá mál C-241/94 *Franska ríkið gegn framkvæmdastjórn* [1996] dómasafn EB (ECR) I-4551, 23. og 24. mgr., mál C-200/97 *Ecotrade gegn AFS* [1998] dómasafn EB (ECR) I-7907, 40. mgr. og mál C-295/97 *Piaggio gegn Ítalía* [1999] dómasafn EB (ECR) I-3735, 39. mgr.

⁽⁵⁰⁾ Bréf stjórnvalda í Noregi dagsett 15. febrúar 2008 (skjalnr. 465311). Í undirkafla 2.2 í leiðbeiningunum um aðstoð við örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð eru lítil fyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 50 starfsmenn og ársvelta og/eða heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 10 milljónir evra, og örfyrirtæki eru skilgreind sem fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn og ársvelta og/eða heildartala efnahagsreiknings fer ekki yfir 2 milljónir evra. Eignarhaldsform geta útilokað styrkhæfi lítilla fyrirtækja og örfyrirtækja eins og segir í kaflanum um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

⁽⁵¹⁾ Viðkomandi töluleg gögn komu út hjá „Statistisk Sentralbyrå“ og bera yfirskriftina „Utenrikshandel med varer, årsserier 2006“ (17. tafla, „Import etter handelsområder, verdensdeler og land“ fyrir 2001–2006, og 18. tafla, „Eksport etter handelsområder, verdensdeler og land“ fyrir 2001–2006). Tölulegu gögnin er að finna á slóðinni http://www.ssb.no/emner/09/05/nos_utenriks

2. Málsmeðferðarkröfur

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I hluta í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól „skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA, með nægum fyrirvara svo að hún geti lagt fram athugasemdir, um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð. [...] Viðkomandi aðildarríki skal ekki hrinda fyrirhug- uðum ráðstöfunum í framkvæmd fyrr en málsmeðferðin hefur leitt til lokaákvörðunar“.

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu áætlunina um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf með bréfi dagsettu 14. október 2005. Af undirbúningsgögnum má ráða að löggjöf um áætlunina um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf getur ekki öðlast gildi fyrr en tilkynning hefur verið send Eftirlitsstofnun EFTA og hlotið samþykki stofnunarinnar ⁽⁵²⁾. Heimild stjórnvalda í Noregi til gildistöku skattalaga um áætlun um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf og lokasamþykkt um drög að verklagsreglum áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf er því hvorttveggja bundið því skilyrði að Eftirlitsstofnun EFTA hafi áður samþykkt áætlunina ⁽⁵³⁾.

Að þessu virtu telur Eftirlitsstofnun EFTA að stjórnvöld í Noregi hafi virt tilkynningarskyldu og kvöð um biðstöðu skv. 3. mgr. 1. gr. I hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

3. Samrýmist aðstoðin gildandi reglum?

Þar eð niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er sú að áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf hafi í för með sér ríkisaðstoð ber að kanna hvort áætlunin telst samrýmmanleg framkvæmd EES-samningsins á grundvelli 2. eða 3. mgr. 61. gr. samningsins.

3.1 Samrýmist aðstoðin 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

Engin undanþága skv. 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins á við í þessu tilviki þar eð áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf miðast ekki við þau markmið sem tiltekin eru í því ákvæði.

3.2 Samrýmist aðstoðin 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

Ríkisaðstoðarráðstöfun telst samrýmmanleg framkvæmd EES-samningsins á grundvelli staflíðar a) í 3. mgr. 61. gr. samningsins þegar henni er ætlað að stuðla að efnahagslegri þróun þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi er mikið. Þetta ákvæði á hins vegar ekki við þar eð engin slík svæði eru skilgreind á byggðakorti fyrir Noreg ⁽⁵⁴⁾.

Þá á undanþága staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins ekki við þar eð ríkisaðstoð samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf er ekki ætlað að stuðla að framkvæmd verkefnis sem er mikilvægt sameiginlegt evrópskt hagsmunamál eða að ráða bót á alvarlegri röskun í efnahagslífi Noregs.

Aftur á móti er unnt að beita undanþágunni, sem mælt er fyrir um í staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, þar sem kveðið er á um að telja megi ríkisaðstoð samrýmast sameiginlega markaðnum ef hún greiðir fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahags- svæða enda hafi hún ekki óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að því marki að stríði gegn sameigin- legum hagsmunum.

Í því, sem hér fer á eftir, tekur Eftirlitsstofnun EFTA til athugunar hvort áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf getur talist samrýmmanleg framkvæmd EES-samningsins á grundvelli ákvæða staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins með hliðsjón af leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

⁽⁵²⁾ Undirkafla 14.3 í frumvarpi nr. 92 (2004–2005) sem vísar til undirkafla 3.9 í þingsályktunartillögu nr. 65 (2004–2005).

⁽⁵³⁾ Undirkafla 15.1 í tillögu nr. 125 (2004–2005) og undirkafla 14.3 í frumvarpi nr. 92 (2004–2005) sem vísar til undirkafla 3.9 í þingsályktunartillögu nr. 65 (2004–2005).

⁽⁵⁴⁾ Ákvörðun 226/06/COL frá 19. júlí 2006 um byggðakort og aðstoðarhlutföll í Noregi.

3.2.1 Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar

Samkvæmt leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun telst aðstoð á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins að jafnaði samrýmanleg ákvæðum samningsins að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðunum, sem sett eru í 5. undirkafla leiðbeininganna, og aðstoðin feli í sér hvatningu til að sinna frekari rannsóknum og þróunarstarfi samkvæmt 6. undirkafla leiðbeininganna ⁽⁵⁵⁾.

Í 5. undirkafla leiðbeininganna um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun eru tilgreindar mismunandi tegundir rannsókna og þróunarstarfs, s.s. „grunnrannsóknir“, „iðnrannsóknir“ og „þróunarstarf“, og sýnt aðstoðarhlutfall sem gildir fyrir hverja tegund rannsókna.

Í staflíð f) í undirkafla 2.2 í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun er hugtakið „iðnrannsóknir“ skilgreint þannig: „*Skipulegar rannsóknir eða grannskoðun sem hefur það að markmiði að afla nýrrar þekkingar og kunnáttu sem nýtist til að þróa nýjar vörur, verkferla eða þjónustu eða til að koma í kring umtalsverðum endurbótum á eldri vörum, verkferlum eða þjónustu. Undir þetta fellur vinna við gerð iðluta flókinna kerfa sem er nauðsynleg í iðnrannsóknum, einkum vegna gildingar almennit aðgengilegrar tækni, að undanskildum frumgerðum sem falla undir [þróunarstarf] lið g) hér á eftir.*“ Í staflíð g) í sama undirkafla er „þróunarstarf“ skilgreint þannig: „*Öflun, samsetning, mótun og notkun eldri þekkingar og kunnáttu á sviði vísinda, tækni eða viðskipta eða af öðru tagi með það að markmiði að setja saman áætlanir og fyrirmyndir eða snið fyrir nýjar, breyttar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu. Hér getur einnig verið um að ræða, meðal annars, aðra starfsemi sem miðast að hugmyndavinnu, skipulagningu og samantekt gagna sem snýr að nýjum vörum, verkferlum og þjónustu. Starfsemin getur snúist um að setja saman drög, teikningar, áætlanir og önnur gögn, að því tilskildu að þau séu ekki ætluð til notkunar í viðskiptalegum tilgangi. Undir þetta fellur einnig þróun frumgerða og tilraunaverkefna, sem geta nýst í viðskiptalegum tilgangi, ef frumgerðin er óhjákvæmilega hin endanlega söluvara og kostnaður við framleiðslu hennar er of hár til þess að hún verði notuð eingöngu í kynningar- og gildingarskygni. Ef kynningar- eða tilraunaverkefni eru notuð síðar í viðskiptalegum tilgangi ber að draga allar tekjur sem þannig verða til frá styrkhæfum kostnaði.*“

Eftirlitsstofnun EFTA telur að lýsing á styrkhæfum verkefnum samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf, sem fram kemur í undirkafla 2.1 í I. hluta hér á undan, samræmist lýsingu á „iðnrannsóknum“ og „þróunarstarfi“ í staflíð f) og g) í undirkafla 2.2 í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

i) Aðstoðarhlutfall

Samkvæmt undirkafla 5.1.2 í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun er leyfilegt brúttóaðstoðarhlutfall vegna iðnrannsókna 50 % og vegna þróunarstarfs 25 % af styrkhæfum kostnaði. Ennfremur, samkvæmt undirkafla 5.1.3, ef litlum eða meðalstórum fyrirtækjum er veitt aðstoð (eins og skilgreint er í viðaukanum við reglugerðina er varðar hópundanþágu vegna aðstoðar við lítil og meðalstór fyrirtæki), er heimilt að veita 10 prósentustig í viðbót (meðalstór fyrirtæki) eða 20 prósentustig (lítil fyrirtæki) ⁽⁵⁶⁾. Þá verður leyfilegt aðstoðarhlutfall allt að 60 % (meðalstór fyrirtæki) eða 70 % (lítil fyrirtæki) styrkhæfs kostnaðar ef um er að ræða iðnrannsóknir. Að því er varðar þróunarstarf verður hámarksaðstoðarhlutfall 35 % (meðalstór fyrirtæki) eða 45 % (lítil fyrirtæki).

Þar eð stjórnvöld í Noregi hafa tilkynnt aðstoðarhlutfall fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og einnig fyrir stór fyrirtæki, samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf, er minnt á að stjórnvöld í Noregi hafa ákveðið að takmarka áætlunina svo hún nái einungis til örfyrirtækja og lítilla fyrirtækja. Af þessum sökum á hér aðeins við aðstoðarhlutfall til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (20 %). Styrkurinn er undanþeginn skatti með

⁽⁵⁵⁾ Ákvæði 29. og 30. mgr. undirkafla 1.4 í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

⁽⁵⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33) með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22). Báðar reglugerðirnar hafa verið felldar inn í EES-samninginn, sjá lið 1f í XV. viðauka. Skilgreiningin sem þar er samsvarar skilgreiningunni í kaflanum um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð (sjá undirkafla 1.3 í II. hluta).

núverandi hlutfalli sem er 28 %. Brúttóaðstoðarhlutfall er því 27,8 %⁽⁵⁷⁾. Hámarksaðstoðarhlutfall til örfyrirtækja og lítilla fyrirtækja samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf er því á viðunandi stigi með vísun til 5. undirkafla leiðbeininganna um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

Ef hækka á tekjuskattshlutfall fyrirtækja mun samanlagt brúttóaðstoðarhlutfall hækka í samræmi við það. En að því er þetta varðar hafa stjórnvöld í Noregi greint frá því að jafnvel þótt skattshlutfallið hækki er þess krafist, í verklagsreglum áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf, að styrkir fari ekki yfir aðstoðarhlutfall skv. leiðbeiningum um ríkisaðstoð. Þar eð áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf takmarkast við örfyrirtæki og lítil fyrirtæki eru viðeigandi efri hámarksörk því 70 % fyrir iðnrannsóknir og 45 % fyrir þróunarstarf á grundvelli núgildandi leiðbeininga um rannsóknir, þróunarstarfs og nýsköpun. Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir að ef tekjuskattshlutfall fyrirtækja verði hækkað geti heildaraðstoðarhlutfall til örfyrirtækja og lítilla fyrirtækja samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf hækkað að þeim hámarksörkum.

Loks felst Eftirlitsstofnun EFTA á aðstoðarhlutfallið 27,8 % að því er varðar örfyrirtæki og lítil fyrirtæki og bendir á að hlutfallið kunnist hækka í 70 % fyrir iðnrannsóknir og 45 % fyrir þróunarstarf vegna hækkunar á tekjuskattshlutfalli fyrirtækja. Stjórnvöld í Noregi hafa gert stofnuninni grein fyrir því að verklagsreglum áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf verði breytt formlega svo að þær endurspeglu hvort tveggja almenn takörk fyrir hverja tegund rannsókna og það hámark sem auka má aðstoð að í kjölfar hækkunar á skattshlutfalli⁽⁵⁸⁾.

ii) Styrkhæfur kostnaður

Í undirkafla 5.1.4 í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun er skrá yfir kostnað sem telja skal styrkhæfan þegar aðstoðarhlutfall er reiknað. Í slíkum kostnaðarliðum felst m.a.: i) starfsmannakostnaður, sem tekur til kostnaðar vegna rannsakenda, tæknifólks og annars viðbótarstarfsfólks sem ráðið er eingöngu vegna rannsóknastarfs, ii) annar óbeinn kostnaður sem beinlínis er stofnað til vegna rannsóknaverkefnisins, og iii) annar rekstrar-kostnaður, þ.m.t. kostnaður vegna kaupa á efni og rekstrarvörum og álíka vörum sem beinlínis er stofnað til vegna rannsóknastarfsins⁽⁵⁹⁾.

Rammaáætlun Evrópubandalagsins á sviði rannsókna – launakostnaður

Í undirkafla 5.1.4 í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun er ekki gerð grein fyrir því hvort starfsmannakostnaður kunnist ná til kostnaðar vegna ólaunaðs vinnuafli. En Eftirlitsstofnun EFTA telur að leiðbeiningar við túlkun á hugtakiinu eins og það er notað í leiðbeiningum um ríkisaðstoð fáið með því að skoða hvort hugtakið sé notað við svokallaða rammaáætlun Evrópubandalagsins á sviði rannsókna⁽⁶⁰⁾.

Eins og tilgreint er í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn var samkvæmt sjöttu rammaáætluninni ekki unnt að fá fjárstuðning frá Evrópubandalaginu fyrir kostnaði við ólaunað vinnuafli. Í hluta B.II.22.3 í II. viðauka við almennu fyrirmyndina að samningi, sem notaður er í þeim tilgangi að veita stuðning samkvæmt sjöttu rammaáætluninni, er því lýst yfir að „*einstaklingum sé ekki heimilt að færa launakostnað til gjalda við persónulega þátttöku þeirra í verkefninu*“ og í staflíð a) í hluta B.II.19.1 kemur fram að styrkhæfur kostnaður „*skuli vera raunverulegur, fjárhagslegur og nauðsynlegur fyrir framkvæmd verkefnisins*“. Í þessu samhengi samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna það álit að ef ekki væri hægt að tilgreina hver launakostnaðurinn væri og færa í bókhald fyrirtækisins væri ekki heldur hægt að gjaldfæra hann á rammaáætlunina. Í samræmi við þetta lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn í tengslum

⁽⁵⁷⁾ Styrkur sem felst í 20 % skattfrjáls kostnaðar með skattshlutfallinu 28 % samsvarar því að fá 27,8 % brúttókostnaðar (28 % af 27,8 = 7,8 sem „greiða“ skal í sköttum og eftirstöðvarnar 20 % er þá styrkurinn).

⁽⁵⁸⁾ Yfirlýsing í verklagsreglum áætlunarinnar um að ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf um að hámarksaðstoðarhlutfall sé eins og í Leiðbeiningum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun er ófullnægjandi.

⁽⁵⁹⁾ Þetta samsvarar undirliðunum a) starfsmannakostnaður, e) aukinn óbeinn kostnaður og f) annar rekstrarkostnaður í undirkafla 5.1.4 í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

⁽⁶⁰⁾ Rammaáætlun Evrópubandalagsins á sviði rannsókna er helsta verkfæri bandalagsins til fjármögnunar á rannsóknum í Evrópu og er vísað til hennar í reglum bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, Stjtið. ESB C 323, 30.12.2006, bls. 1.

við áætlunina um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf um það hvort kostnaður við ólaunað vinnuafli teldist styrkhæfur kostnaður í skilningi leiðbeininganna um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

Hins vegar hefur sjöunda rammaáætlunin nú verið samþykkt og er þar kveðið á um að við tiltekna aðstæður megi fara fram á stuðning vegna kostnaðar sem er ekki „raunkostnaður“⁽⁶¹⁾. Að því er þetta varðar er tekið fram í hinum staðlaða samningi um styrkveitingar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna notar (almenna fyrirmyndin að samningi um stuðning samkvæmt sjöundu rammaáætluninni) að þrátt fyrir þá almennu kröfu að styrkhæfur kostnaður skuli vera raunkostnaður, „*sé styrkþegum heimilt að gefa upp meðalkostnað vegna starfsmanna ef hann byggist á vottaðri aðferðafræði sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt og er í samræmi við meginstjórnunarreglur og hefðbundnar bókhaldsvenjur styrkþegans. Ekki er litið svo á að meðalkostnaður vegna starfsmanna, sem styrkþegi gjaldferir samkvæmt þessum samningi þegar hann hefur lagt fram vottorð um aðferðafræði, sé verulega frábrugðinn raunverulegum starfsmannakostnaði*“⁽⁶²⁾.

Í viðkomandi leiðbeiningaskjölum er útskýrt að ofangreind regla, sem vísað er til sem „*aðferð við að finna meðalkostnað starfsmanna og er byggð á vottaðri aðferðafræði*“, veiti i) einstaklingum sem eru hjá litlum eða meðalstórum fyrirtækjum og ii) eigendum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem fá ekki laun fyrir vinnu sína í fyrirtækjunum, möguleika á að sækja um og fá stuðning vegna vinnu sinnar við rannsókn- og þróunarverkefni. Þótt ekki sé bein krafa um að nota tiltekna aðferðafræði er ljóst af leiðbeiningaskjölunum að samkvæmt bandalagsáætluninni merki „*vottuð aðferðafræði*“ að endurskoðandi þurfi að votta aðferðafræðina sem notuð er sem grunnur til að reikna vægi vinnuálags eða „launakostnað“ (þ.e. í reynd, tímagjaldið).

Með tilliti til viðurkenndrar aðferðafræði bendir Eftirlitsstofnun EFTA fyrst á að í leiðbeiningum í tengslum við einstaklinga sé vísað í aðferðafræði til að finna tímagjald út frá tekjum (t.d. á skattframtali)⁽⁶³⁾. En einkum í ljósi leiðbeininga framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna að því er varðar eigendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem ekki fá greidd laun og geta ekki sýnt fram á nokkurn launakostnað í bókhaldi fyrirtækisins, sem gefur vísbendingu um að kostnað megi reikna út frá áætlunum, telur Eftirlitsstofnun EFTA að tilvísunin í aðferðafræði, sem grundvallast á tekjum, nægi ekki til að útiloka sjálfkrafa að önnur aðferðafræði verði notuð. Markmiðið samkvæmt sjöundu rammaáætluninni er að leyfa að vægi vinnuálags með tilliti til rannsókn- og þróunarverkefnisins verði reiknað. Engar beinar kröfur eru um að hugsanlegur styrkþegi njóti tekna af starfsemi. Á þessum grundvelli lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að hvorttveggja fyrir lið i) og lið ii) hér á undan sé það ekki skilyrði í sjálfu sér að tekjur séu fyrir hendi til að fyrirtækið sé styrkhæft og það megi nota aðra aðferðafræði við ákvörðun á tímagjaldi.

Í tengslum við aðferðafræðina sem stjórnvöld í Noregi lögðu til bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að ef tímagjaldið er reiknað sem 1,6% af heildarárslanum feli það ekki aðeins í sér launakostnað heldur einnig „annan rekstrarkostnað“. Því er einnig nauðsynlegt, enda þótt tilgangurinn með núverandi greiningu sé að sannreyna hvort launakostnaður sé styrkhæfur til að komast að lokaniðurstöðu um hvort aðferðafræðin er viðunandi, að sannreyna hvort liðurinn sem tengist „öðrum rekstrarkostnaði“ falli undir styrkhæfan kostnað samkvæmt leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun. Af þessum sökum er fjallað um þessa tvo liði hvorn í sínu lagi hér á eftir.

Kostnaður vegna „ólaunaðs“ vinnuafls

Sá hluti aðferðafræðinnar, sem varðar kostnað sem rekja má til ólaunaðs vinnuafls, er einfaldlega skilgreindur með vísun í tölur um greidd laun. Vissulega felur fyrirhuguð aðferðafræði í sér að launakostnaðurinn jafngildi þeirri útkomu sem hefði fengist ef tímagjald hefði fengist með því að deila í meðalvinnustundir á ári með heildarárslanum iðnverkamanns

⁽⁶¹⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1982/2006/EB frá 18. desember 2006 um sjöundu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (2007–2013), Stjtið. ESB L 412, 30.12.2006, bls. 1.

⁽⁶²⁾ Ákvæði staflíðar g) í hluta B.II.14.1 í II. viðauka við almenna fyrirmynd að samningi um stuðning samkvæmt sjöundu rammaáætluninni. Nálágast má texta samningsins á vefslóð DG Research: <http://ec.europa.eu/research/index.cfm>.

⁽⁶³⁾ Samkvæmt grein II.12.3 „Non-eligible costs“, bls. 42 í „Guide to Financial Issues relating to FP7 Indirect Actions“ (en það skjal var samið til að túlka fyrirmynd að samningi um styrkveitingar samkvæmt FP7), geta slíkir einstaklingar valið að „*gefa upp starfsmannakostnað á grundvelli vottaðrar aðferðar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt og byggist á tekjum þeirra (t.d. á skattframtölum) eins og viðurkennt er með landslögum (venjulega skattalögum)*“.

eins og þau birtast í hagskýrslum frá 2005. Launakostnaður vegna launa iðnverkamanns samsvarar tímagjaldi að fjárhæð 232,20 norskra króna (348 300/1 500).

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að tímagjald sem er skilgreint með vísun í opinberar hagskýrslur um laun (fyrir 2005) tryggi að launakostnaðurinn verði ekki hækkaður um of. Þar eð tímagjaldið er ákvarðað með hliðsjón af árslunum iðnverkamanns (en ekki mun hærri launum, t.d. launum verkfræðings) þýðir þetta enn fremur að launakostnaðinum er haldið tiltölulega lágum⁽⁶⁴⁾. Að lokum tryggir sú krafa, að tilkynntar ólaunaðar vinnustundir skuli samþykktar af verkefnisstjóra og jafnframt vottaðar af endurskoðanda fyrir hverja styrkumsókn, að endurskoðun sem er í samræmi við – eða jafnvel strangari en – endurskoðunarvottunin, sem vísað er til í hinni almennu fyrirmynd að samningi samkvæmt sjöundu rammaáætluninni, sé fyrir hendi⁽⁶⁵⁾. Loks bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að Rannsóknaráð Noregs annist jafnframt eftirlit sem staðfesti að uppgæfnar tölur séu augljóslega ekki rangar.

Að þessu virtu er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að greining á kostnaðarliðnum vegna ólaunaðs vinnuafis í aðferðinni við að ákvarða tímagjald sé viðunandi. Kostnaðurinn vegna ólaunaðs vinnuafis, skoðaður sérstaklega, telst því vera styrkhæfur starfsmannakostnaður í skilningi leiðbeininganna um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

„Annar rekstrarkostnaður“

Eftirlitsstofnun EFTA telur að lýsingin á „öðrum rekstrarkostnaði“, samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafil við rannsókn- og þróunarstarf (sett fram í undirkafla 2.3 í I. hluta), samsvari styrkhæfum kostnaði í formi „óbeins viðbótarkostnaðar“ og/eða „annarra rekstrargjalda“ í staflíð e) og f) í undirkafla 5.1.4 í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun. Stig rekstrarkostnaðar reiknast sjálfkrafa fyrir hverja klukkustund á hvern starfsmann í samræmi við laun iðnverkamanns – en byggist ekki á því kostnaðarstigi sem tilgreint er á reikningum⁽⁶⁶⁾. En rekstrarkostnaðurinn samkvæmt aðferðafræðinni hefur verið reiknaður á grundvelli endurskoðunar á fyrirtækinu sem Rannsóknaráð Noregs framkvæmdi. Þetta tryggir að stig rekstrarkostnaðar er raunhæft. Enn fremur reiknast hluti rekstrarkostnaðar út frá lágum launum iðnverkamanns og rekstrarkostnaðarliðurinn er áfram byggður á fastri hámarksfjárhæð á klukkustund. Á þessum grundvelli, og með tilliti til rekstrarkostnaðar sem er stofnað til í raun og er staðfestur með reikningum sem liður í endurskoðunareftirlitinu, telur Eftirlitsstofnun EFTA að fyrirhuguð aðferðafræði feli í sér viðunandi aðferð við að finna stig fyrir „annan rekstrarkostnað“ og falli því undir styrkhæfan kostnað samkvæmt leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

Niðurstaða um aðferðafræði

Niðurstaðan er sú að á grundvelli breytinga á meginreglunum samkvæmt sjöundu rammaáætluninni telur Eftirlitsstofnun EFTA að kostnaður vegna ólaunaðs vinnuafis geti talist styrkhæfur kostnaður eftir því hvaða aðferð er notuð til að finna tímagjaldið. Eins og sést af ofangreindu telur stofnunin að samkvæmt aðferðafræðinni, sem stjórnvöld í Noregi lögðu til, sé sú aðferð sem notuð er til að festa hvort tveggja, stig launakostnaðar og rekstrarkostnaðar, viðunandi. Þar með er aðferðafræðin samþykkt og kostnaður telst styrkhæfur samkvæmt leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun. Þessi niðurstaða er einnig í samræmi við afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA árið 2002 í ákvörðuninni um Skattefunnaáætlunina, með tilliti til þess hvort stofnunin samþykkti sams konar aðferðafræði við að ákvarða styrkhæfan kostnað (eða stig hans)⁽⁶⁷⁾.

Enda þótt fyrirhuguð aðferðafræði feli í sér að eitt tímagjald sé notað jafnvel þótt þau fyrirtæki, sem hugsanlega fá styrk samkvæmt áætluninni séu mismunandi stór, er minnt á að stjórnvöld í Noregi hafa ákveðið að takmarka áætlunina við örfyrirtæki og lítil fyrirtæki og mögulegir styrkþegar eru því fremur einsleitur hópur. Af þessum sökum samþykkir Eftirlitsstofnun EFTA að nota sameiginlegt gjald.

⁽⁶⁴⁾ Árslun iðnverkamanns, þ.e. 348 300 norskra króna, í stað launa verkfræðings sem eru 460 000 norskra króna (eða 530 000 norskra króna), samsvara tímagjaldinu 500 norskra krónur, í stað 772,80 norskra króna (eða 890,40 norskra króna) samkvæmt ofangreindri aðferð. Launakostnaðurinn samsvarar 232,20 norskum krónum fyrir iðnverkamann í stað 333,33 eða 353,33 norskra króna fyrir verkfræðinga.

⁽⁶⁵⁾ Eftirlit með hverju einstöku tilviki er raunar svipað, eða jafnvel strangara, og ef endurskoðunareftirlit með aðferðinni er framkvæmt í eitt skipti fyrir öll.

⁽⁶⁶⁾ Rekstrarkostnaðurinn er 267,80 norskra krónur sem er munurinn á samanlögðu tímagjaldi og launakostnaðarliðnum: 500 norskra krónur – 232,20 norskra krónur = 267,80 norskra krónur.

⁽⁶⁷⁾ Ákvörðun 171/02/COL frá 25. september 2002 með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun 16/03/COL frá 5. febrúar 2003.

iii) Hvatningaráhrif

Samkvæmt 6. undirkafla leiðbeininganna um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun er sjálfkrafa lítið svo á að hvatningaráhrif séu fyrir hendi ef ekki er byrjað á verkefnum áður en sótt er um stuðning, sem aðstoð er veitt fyrir vegna rannsókna, þróunar og nýjunga, aðstoðarþegi er lítið eða meðalstórt fyrirtæki og aðstoðarfjárhæðin er lægri en 7,5 milljónir evra á verkefni fyrir hvert lítið eða meðalstórt fyrirtæki ⁽⁶⁸⁾.

Eins og sést af ofangreindu hafa stjórnvöld í Noregi takmarkað áætlunina um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf við lítil fyrirtæki og örfyrirtæki. Í ljósi þess að styrkhæfur kostnaður samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf er auk þess háður föstum efri mörkum fyrir styrkhæfan kostnað, að fjárhæð 2 milljónir norskra króna á fyrirtæki á ári, og að aðstoðarhlutfall sem kemur til framkvæmdar er 27,8 %, er hámarksgildi aðstoðar sem veitt er á fyrirtæki á einu ári 556 000 norskra króna (u.þ.b. 70 500 evrur), sem er mun lægra en ofangreint hámark. Jafnvel þótt tekið sé til greina hámarksaðstoðarhlutfall allt að 45 % (sem kann að verða vegna hækkunar á skatthlutfalli) er hámarksfjárhæð aðstoðar 900 000 norskra króna (u.þ.b. 114 000 evrur) sem samt sem áður er langt undir því hámarki sem mælt er fyrir um í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun ⁽⁶⁹⁾.

Loks hafa stjórnvöld í Noregi staðfest að stuðningur samkvæmt áætluninni verði ekki veittur ef byrjað hefur verið á rannsóknaverkefnum áður en sótt er um stuðning.

Á þessum grundvelli telur Eftirlitsstofnun EFTA að styrkir, sem kunna að vera veittir samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf, hafi því hvatningaráhrif, skv. 6. undirkafla leiðbeininganna um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

iv) Gildistími

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu að áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf gildi um óákveðinn tíma. Stjórnvöld í Noregi hafa samt sem áður fallist á að takmarka formlega gildistíma áætlunarinnar til 31. desember 2013 en þá falla einnig úr gildi leiðbeiningarnar um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun. Á þessum grundvelli telur Eftirlitsstofnun EFTA gildistíma áætlunarinnar viðunandi.

3.3 Niðurstaða um hvort áætlunin samrýmist ákvæðum EES-samningsins

Eins og ráða má af umfjölluninni hér á undan telur Eftirlitsstofnun EFTA að bæði verkefni og kostnaðarliðir samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf séu styrkhæf samkvæmt leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun. Þar eð áætlunin takmarkast við lítil fyrirtæki og örfyrirtæki, aðstoðarhlutfall er í samræmi við leiðbeiningarnar, sýnt hefur verið fram á hvatningaráhrif og gildistími áætlunarinnar hefur verið takmarkaður í samræmi við leiðbeiningarnar hefur stofnunin metið það svo að áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

4. Ákvörðun

Á grundvelli ofangreinds mats telur Eftirlitsstofnun EFTA að áætlun um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf samrýmist ákvæðum EES-samningsins með eftirtöldum skilyrðum:

- Gildissvið áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf verði takmarkað við örfyrirtæki og lítil fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í leiðbeiningunum um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Heildaraðstoðarhlutfall fyrir örfyrirtæki og lítil fyrirtæki verði 27,8 % sem kann að aukast vegna hugsanlegrar hækkunar á tekjuskattshlutfalli fyrirtækja (í því tilvikum er gildandi hámark efri marka 45 % fyrir þróunarstarf og 70 % fyrir iðnrannsóknir).
- Áætlunin gildi ekki lengur en til 31. desember 2013 þegar núgildandi leiðbeiningar um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun falla úr gildi.

⁽⁶⁸⁾ Ákvæði 122.–124. mgr. í leiðbeiningunum um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun.

⁽⁶⁹⁾ Takmörkun á einstök fyrirtæki er raunar strangari en takmörkun á einstök verkefni. Þá væri efri mörkunum 7,5 milljónum evra ekki náð jafnvel þótt fyrirtæki fengi á hverju ári hámarksgreiðslu samkvæmt áætluninni fyrir sama verkefni þann tíma sem áætlunin er í gildi.

Stjórnvöld í Noregi eru minnt á þær skuldbindingar sínar að leggja fram ársskýrslur um framkvæmd áætlunarinnar eins og mælt er fyrir um í 21. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í tengslum við 6. gr. ákvörðunar 195/04/COL frá 14. júlí 2004.

Stjórnvöld í Noregi hafa lýst yfir að hægt sé að aðlaga tímagjald, sem gildir samkvæmt áætluninni um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf, á grundvelli launaþróunar. Að því er þetta varðar minnir Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöld í Noregi á þá skyldu að tilkynna, skv. 1. gr. 1. hluta samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, allar breytingar í skilningi 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁷⁰⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf sem stjórnvöld í Noregi eru með áform um að hrinda í framkvæmd felur í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins en getur talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og leiðbeininganna um rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun og með fyrirvara um skilyrði sem tilgreind eru í 2. gr. hér fyrir neðan.

2. gr.

Áætlunin um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf takmarkast við örfyrirtæki og lítil fyrirtæki, eins og skilgreint er í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð við örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki, og hámarksheildaráðstoðarhlutfall er 27,8 %, sem má auka við hugsanlega hækkun á tekjuskattshlutfalli fyrirtækja (og í því tilviki er hámark gildandi efri marka 45 % fyrir þróunarstarf og 70 % fyrir iðnrannsóknir). Gildistími áætlunarinnar um ólaunað vinnuafli við rannsókn- og þróunarstarf takmarkast við 31. desember 2013.

3. gr.

Stjórnvöld í Noregi skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ráðstafanir, sem gerðar eru til að uppfylla ákvæði ákvörðunar þessarar, innan tveggja mánaða frá því tilkynnt er um ákvörðunina.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

5. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel, 17. mars 2008

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

⁽⁷⁰⁾ Nema tilkynna megi um breytingarnar samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð í samræmi við ákvörðun 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. í II. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-rikkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun 319/95/COL frá 14. desember 2005, Stjtið. ESB C 286, 23.11.2006, bls. 9.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/67/03

(Mál COMP/M.5677 – Schuitema/Super de Boer Assets)

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Schuitema BV, sem lýtur yfirláðum hins lúxemborgska CVC Capital Partners („CVC“) gegnum önnur félög, öðlast með eignakaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í eignum sem tengjast verslunum sem reknar eru á vegum hollenska fyrirtækisins Super de Boer NV.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Schuitema BV: innkaup, heildsala og smásala á dagvöru og tilheyrandi þjónusta í Hollandi
 - Eignir Super de Boer NV: 21 stórmarkaðir í eigin rekstri og 59 stórmarkaðir sem reknir eru samkvæmt sérleyfi og starfa á sviði smásölu á dagvöru og tilheyrandi þjónustu í Hollandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 303, 15. desember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5677 – Schuitema/Super de Boer Assets, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5698 – One Equity Partners III LP/Constantia Packaging)

2009/EES/67/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Sulipo Beteiligungsverwaltungs GmbH, fyrirtækjakaupafélag sem starfar í Vín og lýtur yfirláðum sjóða sem starfa samkvæmt ráðgjöf bandaríska fyrirtækisins One Equity Partners („OEP“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í austurríska fyrirtækinu Constantia Packaging AG („CPAG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - OEP: sjóðir sem fjárfesta í óskráðum félögum
 - CPAG: framleiðsla á áli, bylgjupappa og mjúkum umbúðum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 303, 15. desember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5698 – One Equity Partners III LP/Constantia Packaging, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/67/05****(Mál COMP/M.5731 – AXA LBO Fund IV/Home Shopping Europe)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið AXA LBO Fund IV, sem lýtur yfirráðum hins franska Groupe AXA („AXA“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Home Shopping Europe GmbH („HSE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AXA LBO Fund IV: eignarhlutdeild í fyrirtækjum
 - AXA: fjölþjóðasamsteypa sem selur líftryggingar og skaðatryggingar og tryggingatengda fjármálaþjónustu
 - HSE: sjónvarpssala, netsala
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 302, 12. desember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5731 – AXA LBO Fund IV/Home Shopping Europe, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/67/06****(Mál COMP/M.5739 – EQT V/Springer Science + Business Media)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið EQT V öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í lúxemborgska fyrirtækinu Springer Science + Business Media.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EQT V: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
 - Springer Science + Business Media: útgáfa bóka og tímarita um fræðileg efni og faggreinaefni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 311, 19. desember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5739 – EQT V/Springer Science + Business Media, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5742 – Ameropa Holding/Interbrau)**

2009/EES/67/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið Ameropa Holding AG, sem lýtur yfirláðum Zivy-fjölskyldunnar í Sviss, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Interbrau GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ameropa Holding: milliríkjavíðskipti með áburð, kornvöru, efnavörur sem unnar eru úr jarðolíu og málma
 - Interbrau: milliríkjavíðskipti með bygg, m.a. bygg til maltgerðar og bygg sem er notað sem fóður
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 303, 15. desember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5742 – Ameropa Holding/Interbrau, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/08**
(Mál COMP/M.5495 – Unicredit/Banca IMI/Euro TLX SIM JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 23. nóvember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5495. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/09**
(Mál COMP/M.5558 – Nutreco/Cargill)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 24. nóvember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5558. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/10**
(Mál COMP/M.5624 – Nokia/SAP/JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. nóvember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5624. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/11**
(Mál COMP/M.5641 – Apollo/Pliant)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. nóvember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5641. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/12**
(Mál COMP/M.5642 – SGGF/Trakya/SGGE)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 3. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5642. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/13**
(Mál COMP/M.5662 – NIBC/ABN AMRO Fund/Mid Ocean Group)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 16. nóvember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5662. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/14**
(Mál COMP/M.5667 – ACE/FTQ/FSI/Mecachrome)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 3. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5667. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/15**
**(Mál COMP/M.5679 – Boreas Holdings/Centrica Renewable Energy Limited/
Glid Wind Farms)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 4. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5679. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/16**
(Mál COMP/M.5684 – BNP Paribas Assurance/Fortis Insurance International/UBI Assicurazioni)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 4. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5684. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/17**
(Mál COMP/M.5687 – CVC/Subsidiaries of Interbrew Central European Holding)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. nóvember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5687. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/18**
(Mál COMP/M.5690 – Occidental Petroleum Corporation/Phibro)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 11. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5690. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2009/EES/67/19**
(Mál COMP/M.5691 – Mubadala/Veolia Eau/Azaliya)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 1. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5691. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.

2009/EES/67/20

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5715 – Leisure Park Holdings/Criteria Caixa Corp./Activos Port
Aventura)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. desember 2009 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Í samrunahluta samkeppnisvefseturs framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32009M5715. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópubandalaganna.